- XXVII. Að semja um smíði eða kaup nýs vitaskips, og verði við þá samninga höfð hliðsjón af því, að skipið verði jafnframt nothæft til landhelgisgæzlu og björgunarstarfa.
- XXVIII. Að kaupa sanddæluskip, ef viðunandi samningar nást.
- XXIX. Að ákveða, að ein króna af tekjum landssímans af hverju seldu skrauteyðublaði heillaskeyta skuli renna til Krabbameinsfélags Íslands.
- XXX. Að taka að sér að greiða eftirstöðvar af svonefndum þurrafúalánum og gefa útvegsmönnum eftir kröfurnar.
- XXXI. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af vísindatækjum, sem inn eru flutt í sambandi við rannsóknir alþjóðanefndar jarðeðlisfræðiársins. Sama gildir um nauðsynlegt rekstrarefni tækjanna.
- XXXII. Að verja af rekstrarafgangi Viðtækjaverzlunar ríkisins til þess að greiða áfallinn rekstrarhalla Þjóðleikhússins.
- XXXIII. Að selja húseignina Leifsgötu 16 í Reykjavík, ef viðunandi boð fæst.
- XXXIV. Að taka allt að 3 millj. kr. lán vegna aukningar á húsnæði ríkisspítalanna.
- XXXV. Að taka erlent lán að upphæð allt að 1.2 millj. dollara til hafnargerðar í Þorlákshöfn.
- XXXVI. Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, allt að 1.8 millj. kr. lán til Skipasmíðastöðvarinnar Dröfn í Hafnarfirði til endurbóta á dráttarbraut.
- XXXVII. Að ábyrgjast fyrir Slippfélagið h/f í Reykjavík allt að 3 millj. kr. lán til byggingar nýrrar dráttarbrautar gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

23. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1959 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að því er bezt verður séð, munu tekjur ríkissjóðs á árinu 1959 fara talsvert fram úr áætlun fjárlaga. Er það einkum tekju- og eignarskatturinn, stimpilgjöld og tekjur ríkisstofnana, sem virðast ætla að gefa betri raun en ráð hafði verið fyrir gert. Þrátt fyrir tilraunir ríkisstjórnarinnar til að draga úr umframgreiðslum, munu útgjöld hins vegar fara nokkuð fram úr áætlun. Er því ekki hægt að búast við greiðsluafgangi hjá ríkissjóði, en aftur á móti ekki ástæða til að óltast greiðsluhalla á yfirstandandi ári.

Fjárlagafrumvarp það, sem hér liggur fyrir, er miðað við það verðlag og kaupgjald, sem nú er og hefur staðið óbreytt síðan snemma á árinu 1959. Þrátt fyrir þetta er ekki hægt að gera ráð fyrir jafnhagstæðri afkomu ríkissjóðs á árinu 1960 eins og verða mun á árinu 1959. Til þess liggja þrjár orsakir. Í fyrsta lagi var í tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1959 gert ráð fyrir tolla- og skattgreiðslum Sogsvirkjunarinnar, að upphæð 30 m. kr., og notkun greiðsluafgangs frá árinu 1958, að upphæð 25 m. kr. Þessir tekjustofnar falla nú að sjálfsgöngu burt. Í öðru lagi er ekki hægt að gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af verðtulli og söluskatti verði eins miklar árið 1960 og þær munu reynast á árinu 1959. Hinn mikli innflutningur ársins 1959 hefur að nokkru byggzt á notkun erlends lánsfjár, sem gera verður ráð fyrir að minnki á árinu 1960. Erfið gjaldeyrisaðstaða í frjálsum gjaldeyri og sívaxandi greiðslubyrði af erlendum lánnum takmarka einnig möguleikana á jafnmiklum innflutningi og verið hefur. Af þessum sökum eru tekjur þessa frumvarps ekki áætlaðar hærrí en tekjur fjárlaga ársins 1959, enda þótt vitað sé, að tekjur þess árs muni reynast allmiklu hærrí en fjárlögin gerðu ráð fyrir. Í þriðja lagi aukast útgjöld í þessu frumvarpi um 43 m. kr. frá fjárlögum 1959, ef ekki er tekið tillit til greiðslna til útflutningssjóðs. Hækkanirnar stafa yfirleitt af óhjákvæmilegri aukningu þeirrar þjónustu, sem ríkið lætur í té. Kveður hér mest að aukningu útgjalda til kennslumála (16.0 m. kr.), félagsmála (10.5 m. kr.) og til dóm-gæzlu og lögreglustjórnar (5.5 m. kr.). Þau útgjöld vegna launaupphóta, að frá-dregnum visitölulækkunum (17.2 m. kr.), sem talin voru í 19. gr. fjárlaga ársins 1959, hafa nú verið felld inn í einstaka liði.

Afleiðing þeirra breytinga, sem hér hafa verið nefndar, er sú, að ríkissjóður getur ekki að óbreyttum tekjum innt af hendi jafnmiklar greiðslur til útflutningssjóðs og hann hefur gert á árinu 1959. Í stað 152.1 m. kr. greiðslu til útflutningssjóðs í núgildandi fjárlögum, er því aðeins gert ráð fyrir 50 m. kr. greiðslu í því frumvarpi, sem hér liggur fyrir. Það hlýtur að verða verkefni nýrrar ríkisstjórnar að gera tillögur um lausn þess fjárhagsvandamáls útflutningssjóðs, sem með þessu skapast.

#### Um 2. gr.

1. Tekju- og eignarskatturinn er áætlaður 167 m. kr. í stað 145 m. kr. í núgildandi fjárlögum. Er þá að venju höfð hliðsjón af álögðum sköttum á yfirstandandi ári og þeim breytingum, sem telja má sennilegar að verði á tekjum einstaklinga og fyrirtækja frá árinu 1958 til ársins 1959.
2. Vörumagnstollur er áætlaður 35 millj. kr., eða 1 millj. kr. lægri en í fjárlögum nú.
3. Verðtollur er áætlaður 258.7 millj. kr. í stað 295 millj. kr. í fjárlögum ársins 1959. Stafar þetta af þeirri lækkun innflutnings, sem verður að gera ráð fyrir á árinu 1960, eins og að framan er getið, og óhjákvæmilega hlýtur fyrst og fremst að koma niður á þeim vörum, sem hæst eru tollaðar.
4. Innflutningsgjald á benzíni er áætlað 18 millj. kr., eða óbreytt frá gildandi fjárlögum.
5. Gjald af innlendum tollvörutegundum er einnig áætlað óbreytt frá fjárlögum nú, 11 millj. kr.

6. Lestagjald af skipum er áætlað 100.000 kr. hærra en áður, eða kr. 400.000.
7. Bifreiðaskattur er með tilliti til vaxandi bifreiðafjölda áætlaður 0.5 millj. kr. hærra en áður, eða 15.5 millj. kr.
8. Með hliðsjón af reynslu ársins í ár eru aukatekjur áætlaðar 0.5 millj. kr. hærra en áður, eða 14 millj. kr.
9. Stimpilgjald er á grundvelli reynslu yfirstandandi árs áætlað 29.9 millj. kr., eða 4.9 millj. kr. hærra en í fjárlögum 1959.
10. Vitagjald er óbreytt, 1.7 millj. kr.
11. Leyfisbréflagjald er áætlað óbreytt, kr. 400.000.
12. Útflutningsleyfagjald hækkar um kr. 400.000, í 1.2 millj. kr.
13. Söluskattur er áætlaður 148 millj. kr. í stað 151.4 millj. kr. í núgildandi fjárlögum. Tekjur af söluskatti á innfluttum vörum lækka af sömu ástæðum og tekjur af verðtolli. Hins vegar má gera ráð fyrir, að tekjur af söluskatti á innlendri þjónustu og framleiðslu verði hærra en fjárlög ársins 1959 gerðu ráð fyrir.
14. Tekjur af leyfisgjaldi eru áætlaðar óbreyttar, 10 millj. kr.

#### Um 3. gr. A.

1. *Póstsjóður*. Rekstrarhalli póstsjóðs er áætlaður 800 þús. kr., eða óbreyttur frá gildandi fjárlögum. Tekjur eru áætlaðar 28.200 þús. kr., eða 2.560 þús. kr. hærra en í gildandi fjárlögum, sem stafar sumpart af áætluðu auknu póstmagni og sumpart af tilfærslu sölulanna frímerkja. Gjöldin eru áætluð 29 millj. kr. og hækka jafnmikið og tekjurnar.

2. *Landssíminn*. Áætlað er að greiðsluhalli landssímans verði 3.140 þús. kr., eða 360 þús. kr. hærra en í fjárlögum nú. Tekjur eru áætlaðar 104.600 þús. kr. og hækka um 8.290 þús. kr., sem stafar aðallega af auknum símaviðskiptum og fjölgun símanotenda. Gjöldin eru nú áætluð 95.090 þús. kr., eða 7.830 þús. kr. hærra en í gildandi fjárlögum. Hækkunin stafar af auknum viðskiptum, fjölgun símnotenda og auknum rekstrarkostnaði og viðhaldi í stærri kerfum, svo og vegna verðhækkunar á erlendu efni. Til eignabreytinga er nú áætlað 12.650 þús. kr. og hækkar um 820 þús. kr.

3. *Áfengisverzlun ríkisins*. Starfsmannahald er óbreytt frá gildandi fjárlögum. Kostnaður við áfengisútsölur hækkar um 303 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 255 þús. kr. Hagnaður er áætlaður 143 millj. kr., og er það 10 millj. kr. hærra en í gildandi fjárlögum. Er þar miðað við reynslu síðasta og yfirstandandi árs, svo og þær verðbreytingar, sem orðið hafa.

4. *Tóbakseinkasala ríkisins*. Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 135 þús. kr. Hagnaður er áætlaður 98 millj. kr., eða 300 þús. kr. lægri en í gildandi fjárlögum.

5. *Ríkisútvarpið*. Afnotagjöld eru miðuð við 46 þús. útvarpsnotendur og hækka um 500 þús. kr. frá gildandi fjárlögum. Aðrar tekjur útvarpsins eru áætlaðar 6.500 þús. kr., eða 370 þús. kr. hærra en í fjárlögum nú. Gert er ráð fyrir óbreyttu starfsmannahaldi, en aukavinna hækkar um 400 þús. kr., og útvarpsfni um 250 þús. kr. Skrifstofukostnaður hækkar um 200 þús. kr. og húsaleiga, ljós, hiti og ræsting um 50 þús. kr. Til útvarpsstöðva hækkar um 150 þús. kr., og greiðslur vegna höfundarlaganna hækka um 250 þús. kr. Óviss útgjöld hækka um 50 þús. kr. Rekstrarafgangur er 132 þús. kr., sem færður er sem aukið rekstrarfé. Til rekstrarar viðgerðastofu og viðtækjasmiðju er nú tekið út úr frv., þar eð áætlað er að leggja hana niður.

6. *Ríkisprentsmiðjan Gutenberg*. Hér er áætlun forstjórans tekin óbreytt, að öðru leyti en því, að fyrningar eru ekki teknar inn í gjaldahlíð. Tekjuafgangur er áætlaður 500 þús. kr., og er það 50 þús. kr. hærra en í gildandi fjárlögum.

7. *Áburðarsala ríkisins*. Áætlun forstjórans er tekin óbreytt. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

8. *Landssmiðjan*. Starfsmannahald er óbreytt. Gert er ráð fyrir 163 þús. kr. rekstrarafgangi, sem færður er sem aukið rekstrarfé fyrirtækisins.

9. *Tunnuverksmiðjur ríkisins*. Tillögur hafa ekki borizt frá atvinnumálaráðuneytinu, og er áætlunin því óbreytt frá gildandi fjárlögum.

10. *Innkaupastofnun ríkisins*. Tekjur og gjöld standast á eins og áður, og eru tillögur forstjórans teknar óbreyttar.

11. *Ríkisbú*. Gert er ráð fyrir óbreyttum tekjum og gjöldum ríkisbúanna, og eru tekjur áætlaðar jafnháar gjöldum. Áætlun um búið á Kleppi fellur nú niður, þar eð búið hefur verið lagt niður.

Um 3. gr. B.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar óbreyttar frá gildandi fjárlögum.

Um 4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjáreign o. fl. eru nú áætlaðar 2.293 þús. kr., eða 293 þús. kr. hærri en í fjárlögum nú, og er það miðað við reynslu síðasta árs.

Um 5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar óbreyttar, 12.400 þús. kr., hækka um 2,4 millj. kr.

Um 7. gr.

Vextir af lánnum ríkissjóðs eru taldir:

1. Innlend lán .....	kr.	9 696 633	
÷ endurgreiddir vextir frá öðrum .....	—	445 758	
			kr. 9.250 875
2. Lán í dönskum krónum .....	—		1 498
3. Lán í £ (£ 37.306) .....	kr.	2 642 757	
÷ endurgreiddir vextir frá öðrum .....	—	2 642 757	
4. Lán í \$ (\$141 334) .....	—	3 575 750	
÷ endurgreiddir vextir frá öðrum .....	—	3 558 673	
			— 17 078
5. Lán hjá Alþjóðabankanum (£ 45 158 og \$ 28 263) .....	—	3 914 047	
÷ endurgreiddir vextir frá öðrum .....	—	3 914 047	
			Kr. 9 269 451

Vextir og afborganir af föstum lánnum sundurliðast þannig:

*Innlend lán.*

Vextir:	Aforganir:	
7. gr. 1.	20. gr. Út I, 1, a.	
kr.	kr.	
2 338	42 500	Innanríkislán 1938.
7 750	70 450	Innanríkislán 1940.
126 000	400 000	Innanríkislán 1941.
36 750	150 000	Innanríkislán 1944.
50	1 000	Lán vegna kaupa á Skálholti í Biskupstungum.
2 800	8 483	Lán vegna kaupa á fasteignum á Eyrarbakka og Stokks-eyri.
1 200	10 000	Lán vegna byggingar Þjóðminjasafnshúss.
48 641	374 160	Lán vegna eignakönnunar.
750 000	984 052	Happdrættislán 1948 (A-flokkur).
1 612	2 905	Lán hjá Sparisjóði Reykjavíkur v. Drápuhlíðar 4.

Vextir:	Afborganir:	
7. gr. 1.	20. gr. Út I. 1. a.	
kr.	kr.	
2 988	1 088	Lán hjá Lífeyrissj. starfsm. ríkisins v. sakadómara- bústaðar.
198 000	400 000	Lán hjá Landsb. Ísl. v. Skipaútg. ríkisins.
10 725	13 750	Lán hjá Útvegsb. Ísl. v. jarðarinnar Drangsness.
695 750	2 492 050	Lán v. framlags til Alþjóðabanka og gjaldeyrissjóðs.
219 396	1 112 275	Lán hjá Landsb. Ísl. til greiðslu yfirdráttarskulda í tédum banka, er til var stofnað vegna kaupa á nýsköp- unartogurum og nokkrum Svíþjóðarbátum.
3 360	84 000	Lán vegna afurðatjónsbóta til bænda milli Héraðs- vatna og Blöndu 1950.
8 800	10 000	Lán vegna eignarnáms í Egilsstaðalandi.
4 500	37 500	Lán hjá Sjóvátr.fél. Ísl. v. togarans Garðars Þorsteinss.
13 200	115 000	Handhafaskuldabrlán v. togarans Garðars Þorsteinss.
79 200	480 000	Lán hjá Landsb. Ísl. v. skuldaskilasj. útvegsmanna.
11 600	58 000	Handhafask.br.lán v. kaupa á Syðstabæjareigninni í Hrísey.
13 090	14 000	Lán hjá Brunab.fél. Ísl. v. Bygg.samv.fél. Seyðisfj.
7 333	23 333	Lán hjá Trygg.st. rik. v. Bygg.samv.fél. Seyðisfj.
17 333	26 667	Lán hjá gjafasj. Sigurg. Einarss v. viðb. v. Landssp.
185 714	714 286	Lán hjá Trygg.st. rik. v. byggingar hjúkrunarkvenna- skóla og fávitahælis í Kópavogi.
48 750	125 000	Lán hjá Trygg.st. rik. v. viðbygg. við Landsspítalann.
130 813	287 500	Lán hjá Trygg.st. rik. v. viðbygg. við Landsspítalann.
3 150 000	1 300 000	Lán hjá Landsb. Ísl. v. smíði 10 togara.
1 968 940	2 343 976	Lán hjá Landsb. Ísl. v. húsnæðismálastjórnar.
1 200 000		Vextir vegna yfirdráttarskulda.
<hr/>	<hr/>	
9 696 633	12 666 027	
÷ 445 758	÷ 34 355	
<hr/>	<hr/>	
9 250 875	12 631 672	

Til frádráttar þesari vaxtaskuld koma (á móti skuld við Landsbankann, upp-  
haflega kr. 24 565 000.00, vegna togara og Svíþjóðarbáta):

- |   |                |
|---|----------------|
| 1. Vextir af stofnlánabréfum vegna togara   | kr. 142 988.00 |
| 2. Vextir af 8.7 millj. kr. stofnlánabréfum í eigu ríkissjóðs, en<br>Landsbankinn hefur þau að handveði vegna Svíþjóðarbáta | — 83 949.00    |

**Samtals kr. 226 937.00**

Auk þess eiga að koma til frádráttar vextir innborgaðir af Siglufjarðarkaup-  
stað vegna togarans Garðars Þorsteinssonar kr. 92 960.00 og endurgreiddir vextir  
vegna skuldaskilasjóðs kr. 98 199.00.

Ennfremur koma til frádráttar afborganir og vextir af lánnum veittum vegna  
sölu byggingarsamvinnufélagshúsa á Seyðisfirði, afborganir kr. 34 355.00 og vextir  
kr. 27 662.00.

Frádráttarliðir samtals: Vextir kr. 445 758.00, afborganir kr. 34 355.00.

*Erlend lán:*

1. Lán í Danmörku:

Vextir:	Afborganir:	
7. gr. 2.	20. gr. Út I, 1.	
kr.	kr.	
409	6 928	Lán hjá Forsörgelsesforeningen Bikuben, Kaupm.h., 1929 til Vífilsstaðahælis.
409	6 928	danskar kr. eða
1 498	25 375	ísl. kr. (100 kr. d. = 366.27 ísl. kr.).

2. Lán í Bretlandi.

£	£	
37 306	68 685	Togarlán 1949.
÷ 37 306	÷ 68 685	Sömu upphæðir til frádráttar (innb. af togurum).

3. Lán í Bandaríkjunum.

\$	\$	
48 772	82 142	Lán hjá Export-Import Bank, Washington 1948 til kaupa á síldarvinnslutækjum o. fl., \$ 2 300 000.00.
÷ 48 772	÷ 82 142	Sömu upphæðir til frádr., innb. af skuldun.
42 350	72 000	Lán 1949—1950 til Laxár- og Sogsvirkjana, \$ 2 millj.
÷ 42 350	÷ 72 000	Sömu upphæðir til frádr., innb. af virkjunum.
49 537	37 038	Lán hjá Export-Import Bank í Washington 1952 vegna Áburðarverksmiðjunnar
÷ 49 537	÷ 37 038	Sömu upphæðir til frádr., innb. af Áburðarverkism. h.f.
675	5 000	Handhafaskuldabréfalán v. kaupa á sendiherrabústað í Washington, \$ 50 000.00.
675	5 000	bandarískir dollarar eða
17 078	126 500	íslenskar krónur (1\$ = 25 30 ísl. kr.).

4. Lán hjá Alþjóðabankanum.

£ 31 456	£ 41 000	Lán vegna Laxár- og Sogsvirkjana 1950, £ 875.000-0-0 (Laxárv. £ 151.800-0-0, Sogsv. £ 723.200-0-0).
÷£ 31 456	÷£ 41 000	Sömu upphæðir til frádr., innb. af virkjunum.
£ 13 702	£ 16 000	Landbúnaðarlán 1951.
÷£ 13 702	÷£ 16 000	Sömu upph. til frádr., innb. af skuldunautum.
\$ 28 263	\$ 52 000	Lán vegna áburðarverksmiðjunnar 1952.
÷\$ 28 263	÷\$ 52 000	Sömu upph. til frádr., innb. af Áburðarverkism. h.f.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir, að kostnaður við æðstu stjórn landsins hækki um 32 þús. kr. Kostnaður við skrifstofu forseta í Reykjavík lækkar um 10 þús. kr., en bifreiðakostnaður hækkar um 10 þús. kr. og kostnaður við forsetasetrið um 10 þús. kr. Framlag til Bessastaðakirkju hækkar um 20 þús. kr., m. a. vegna hækkunar á þóknun til orgelleikara kirkjunnar.

Um 9. gr.

Greinin í heild hækkar um 1 millj. kr. Alþingiskostnaður er áætlaður í samráði við skrifstofustjóra Alþingis.

Um 10. gr.

I. *Stjórnarráðið*. Starfsfólk jarðeignadeildar flyzt af launaskrá dómsmálaráðuneytisins yfir á atvinnumálaráðuneytið. Ritari í félagsmálaráðuneytinu flyzt í bókaraflokk. Bókari í fjármálaráðuneytinu verður fulltrúi. Í endurskoðunardeild fjölgar um einn fulltrúa. Í forsætis- og menntamálaráðuneytinu fækkar um hálfan fulltrúa. Fulltrúi í utanríkisráðuneytinu verður deildarstjóri.

Annar kostnaður hagstofunnar hækkar um 40 þús. kr. vegna aðalmanntals, sem tekið er á 10 ára fresti og verður á árinu 1960. Annar kostnaður Þjóðskrárinnar hækkar um 30 890 kr.

Símakostnaður og burðargjöld ráðuneytanna hækkar um 200 þús. kr. og annar kostnaður ráðuneytanna um 24 þús. kr.

Í ríkisféhirzlu og ríkisbókhaldi fækkar um einn fulltrúa, en annar kostnaður hækkar um 200 þús. kr., þar eð gert er ráð fyrir, að tekinn verði upp vélaútreikningur á launum, en af því mun leiða sparnað í mannahaldi, er frá líður.

Pappír og prentun ríkisreikninga hækkar um 100 þús. kr. og útgáfa stjórnartíðinda um 45 þús. kr. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsi og ráðherra-bústað hækkar um 220 þús. kr.

## II. Utanríkismál.

1. *Sendiráðið í Kaupmannahöfn*. Laun annarra starfsmanna hækka um 51 þús. kr. vegna launagreiðslu til fiskimálafultrúa við sendiráðið, sem áður var á launum hjá Atvinnudeild háskólans. Annar kostnaður hækkar um 6 þús. kr.

2. *Sendiráðið í Stokkhólmi*. Laun hækka lítillega vegna 2% launahækkunar. Annar kostnaður lækkar um 3 þús. kr.

3. *Sendiráðið í London*. Laun hækka um 24 þús. kr. og annar kostnaður um 13 þús. kr., vegna hækkaðs kostnaðar við skeytasendingar og á opinberum gjöldum.

4. *Sendiráðið í Washington*. Áætlunin er óbreytt frá fjárlögum.

5. *Sendiráðið í París*. Launagreiðslur lækka um 141 þús. kr. vegna gengislækkunar í Frakklandi. Annar kostnaður er áætlaður óbreyttur þrátt fyrir gengislækkunina, enda hefur verð á eldsneyti og ýmiss konar þjónustu hækkað.

6. *Sendiráðið í Osló*. Laun lækka um 7 þús. kr., en aðrir liðir eru óbreyttir.

7. *Sendiráðið í Bonn*. Laun hækka um 3 þús. kr. og annar kostnaður um 20 þús. kr., sem er áætluð greiðsla vegna sumarleyfis sendiherra og ritara.

8. *Sendiráðið í Moskva*. Launagreiðslur hækka um 30 þús. kr., en annar kostnaður lækkar um 24 þús. kr.

9. *Skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OEEC*. Annar kostnaður lækkar um 84 þús. kr.

10. *Aðalræðismannsskrifstofan í New York*. Laun hækka um 6 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 6 þús. kr.

14. *Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum* hækkar um 230 þús. kr., vegna væntanlegrar Genfarráðstefnu á næsta ári.

15. *Til upplýsinga- og kynningarstarfsemi* hækkar um 14 þús. kr.

16. *Til kaupa á kvikmyndum fyrir sendiráð Íslands erlendis* til landkynningar hækkar um 71 þús. kr., vegna stóraukinnar eftirspurnar eftir slíkum myndum.

18. *Til hjálpar flóttafólki í Evrópu og tillag til flóttamannaástoðar Sameinuðu þjóðanna* hækkar um 7.500 kr.

20. *Tillag til Sameinuðu þjóðanna* hækkar um 20 þús. kr.

22. *Tillag til OEEC* hækkar um 4 þús. kr.

## Um 11. gr. A.

1. *Hæstiréttur*. Launaliður hækkar, umfram lögboðna hækkun, um 50 þús. kr., vegna forfallaþjónustu í fjarveru eins dómara. Annar kostnaður lækkar um 25 þús. kr.

2. *Borgardómaraembættið í Reykjavík*. Starfsmannahald óbreytt. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 20 þús. kr.

3. *Borgarfégetaembættið í Reykjavík*. Starfslið er óbreytt. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 15 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr.

4. *Sakadómaraembættið í Reykjavík*. Bókari í X. launaflokki færast í IX. flokk, og breytast laun til samræmis við það. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting lækkar um 6.400 kr., en annar kostnaður hækkar um 35 þús. kr.

5. *Lögreglustjóraembættið í Reykjavík*. Starfslið er óbreytt. Aukavinna hækkar um 12 þús. kr., ljós, hiti, ræsting og húskostnaður lækkar um 60.400 kr. og annar kostnaður um 19.300 kr.

6. *Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli*. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 16 þús. kr. og annar kostnaður um 12 þús. kr.

7. *Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar*:

a. Laun sýslumanna og bæjarfógeta eru óbreytt nema hækkun, sem leiðir af lögum.

b. Laun annars starfsfólks hækka nokkuð vegna aldurshækkana og sem afleiðing af lagabreytingum. Bætt er við einum bókara við embætti bæjarfógeta í Kópavogi, en að öðru leyti er tala starfsfólks óbreytt. Endurgreiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins hækkar um 125 þús. kr.

8. *Laun hreppstjóra* hækka um 59.500 kr.

9. *Lögreglukostnaður*:

a. *Ríkislögreglan í Reykjavík*. Gert er ráð fyrir 40 ríkislögregluþjónum eins og áður. Áhættuþóknun lækkar um 2 600 kr. Álag á næturvinnu, aukavinna o. fl. hækkar um 70 þús. kr. og einkennisfatnaður og tryggingar um 7 þús. kr.

Bifreiðakostnaður hækkar um 85 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir, að ein ný lögreglubifreið verði keypt og önnur gömul seld. Kostnaður við kvenlögreglu hækkar um 5.500 kr.

b. *Ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli*. Lögregluþjónum fækkar um einn. Einn lögregluþjónn í X. launaflokki verður varðstjóri í VIII. flokki. Álag á næturvinnu og helgidagauppbót er áætlað sameiginlega og hækkar um 60 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

c. *Ríkislögregla utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar*. Lögreglumönnum, sem jafnframt eru tollverðir og taka laun af þessum lið að hálfu, fækkar um fimm frá gildandi fjárlögum. Áhættuþóknun lækkar lítillega, en einkennisföt og tryggingar hækka um 5.500 kr.

i. *Kostnaður við sumarlög-gæzlu í Neskaupstað* hækkar um 10 þús. kr.

k. Hér kemur inn nýr liður, *sumarlög-gæzla á Skagaströnd* 10 þús. kr.

o. *Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík* lækkar um 500 þús. kr.

q. *Ýmis annar lögreglukostnaður* hækkar um 100 þús. kr. í samræmi við reynslu undanfarið.

r. *Til lög-gæzlu í sveitum* hækkar um 200 þús. kr. Þeim sýslum fer fjölgandi, sem samþykkt hafa reglugerðir um lög-gæzlu á samkomum, sem óhjákvæmilega leiðir til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð.

10. Til hegningarhúsa og vinnuhæla:

a. *Hegningarhúsið í Reykjavík*. Annar kostnaður hækkar um 14 þús. kr.

b. *Vinnuhælið á Litla-Hrauni*. Gert er ráð fyrir óbreyttu starfsliði. Næturvinnuálag hækkar um 600 kr. Aukavinna hækkar um 75 þús. kr. með hliðsjón af reynslu, og annar kostnaður um 35 þús. kr. Tekjur hækka um 62 þús. kr. samkvæmt áætlun forstöðumannsins.

*Til greiðslu á skuldum vinnuhælisins að Kvíabryggju*, 100 þús. kr. í gildandi fjárlögum, fellur nú niður.

c. *Kostnaður við fangaklefa lögreglustöðvarinnar í Reykjavík* hækkar um 32 þús. kr.

d. *Kostnaður við önnur fangahús* hækkar um 10 þús. kr.

12. *Brúttókostnaður við sakamál og lögreglumál* hækkar um 100 þús. kr., en endurgreiddur málskostnaður er áætlaður 50 þús. kr. hærri, þannig að nettó hækkar þessi liður um 50 þús. kr.

18. *Til útgáfu norræns dómasafns* er nýr liður, 40 þús. kr.

19. *Kostnaður við landhelgisgæzlu* hækkar um 4.929 þús. kr. Hækkun þessi stafar að mestu leyti af hinu nýja varðskipi, sem áætlað er að verði í rekstri



í 10 mánuði á árinu 1960, og er kostnaður við það áætlaður 3.950 þús. kr. Að öðru leyti er miðað við reynslu ársins 1958 og það sem af er árinu 1959.

20. *Bifreiðæftirlit ríkisins*. Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 64 600 kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar útgjöldum.

21. *Kostnaður við eftirlit á vegum*. Miðað er við laun 1½ eftirlitsmanns eins og áður. Annar kostnaður er óbreyttur.

22. *Til húsameistara ríkisins*. Fast starfslið er óbreytt. Laun húsameistara, sem vinnur að teikningu Hallgrímskirkju, eru talin með öðrum kostnaði, sem hækkar um 113 þús. kr. Ekki er hér gert ráð fyrir launum til þess starfsmanns, sem vinnur að útreikningum á byggingum, er njóta lána úr lífeyrissjóði, heldur mun hann verða launaður af sérstakri fjárveitingu á vegum félagsmálaráðuneytisins.

#### Um 11. gr. B.

##### I. *Tollar*:

a. *Tollstjóraembættið í Reykjavík*. Fast starfslið er óbreytt. Fjórir innheimtumenn í XI. launaflokki verða skatttritarar í X. flokki. Aðrar breytingar verða ekki á launum nema nokkrar aldurshækkanir. Lausavinna hækkar um 30 þús. kr. og annar kostnaður um 300 þús. kr., m. a. vegna of lágrar áætlunar í ár.

b. 1. *Tollgæzlan í Reykjavík*. Starfsmannahald er óbreytt. Varðstjóri í IX. launaflokki verður yfirtollvörður í VIII. flokki og 2 tollverðir í X. flokki verða varðstjórar í IX. flokki. Húsaleiga, ljós og hiti hækkar um 20 þús. kr. og síma-kostnaður um 5 þús. kr. Til kaupa á talstöðvum, í gildandi fjárlögum 85 þús. kr., fellur niður, en inn kemur nýr liður, til endurnýjunar á bifreið, 100 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 82 þús. kr. með hliðsjón af reynslu undanfarið.

2. *Tollgæzlan á Keflavíkurflugvelli*. Gert er ráð fyrir, að bætt verði við 2 tollvörðum vegna eftirlits með hinni nýju frihöfn á Keflavíkurflugvelli, svo og einum manni til viðbótar til að leysa af í sumarleyfum. Laun hækka af þessum sökum um 119 þús. kr. Álag á næturvinnu og helgidagauppbót hækkar um 10 þús. kr., en annar kostnaður lækkar um 6 þús. kr. Þá fellur niður 47 þús. kr. fjárveiting í gildandi fjárlögum til breytingar á húsnæði. Kostnaður við tolfættirlit á varnarstöðvum utan Keflavíkurflugvallar hækkar um 30 þús. kr. vegna hinnar nýju Loranstöðvar á Snæfellsnesi.

3. *Tollgæzla utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar*. Frá gildandi fjárlögum fækkar tollgæzlumönnum, sem einnig eru lögreglumenn, um 5. Annar kostnaður er áætlaður 491 þús. kr.

##### II. *Skattar*.

a. *Ríkisskattanefnd*. Starfsmannahald er óbreytt, en annar kostnaður lækkar um 3 þús. kr.

b. *Skattstofan í Reykjavík*. Föstu starfsliði fjölgar um 2 bókara, sem áður störfuðu sem lausamenn á skattstofunni. Tíma- og lausavinna hækkar um 300 þús. kr. með hliðsjón af reynslu. Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr.

c. *Skattstofur utan Reykjavíkur*. Kostnaður við skattstofur utan Reykjavíkur er áætlaður 100 þús. kr. hærri en í ár.

d. *Undirskattanefndir*. Kostnaður þeirra hækkar um 50 þús. kr frá gildandi fjárlögum.

e. *Yfirskattanefndir*. Kostnaður við yfirskattanefndir hækkar um 25 þús. kr.

#### Um 11. gr. C.

Áætlað er, að sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur hækki um 215 þús. kr. vegna hækkunar á pappír og prentun.

#### Um 12. gr.

I. *Landlæknisembættið*. Gert er ráð fyrir hálfum launum til fulltrúa landlæknis, sem er nýtt, og hækka laun af þeim sökum um 42 655 kr. Annar kostnaður hækkar um 60 þús. kr.

II. *Héraðslæknar*. Gert er ráð fyrir sömu tölu héraðslækna eins og í ár, þ. e. 63, 6 aðstoðarlæknum og einum staðgengli, sem er óbreytt.

Símakostnaður og burðargjöld hækka um 10 þús. kr.

IV. *Ríkisspítalar*. Gert er ráð fyrir, að rekstrarhalli ríkisspítalanna hækki um 2 947 þús. kr.

A. *Landsspítali*. Bætt er við nokkru starfsliði. Gert er ráð fyrir hálfum launum til yfirlæknis á rannsóknarstofu. Þá er gert ráð fyrir nýjum aðstoðarlækni við röntgendeild, sérfræðingi í taugalækningum og aðstoðarhjúkrunarkonu á barnadeild. Af þessum sökum hækka launagreiðslur um 226 þús. kr. Bifreiðastyrkir hækka um 48 þús. kr. vegna hinna nýju lækna svo og vegna vanáætlunar í ár.

Matvörur hækka um 1 300 þús. kr., en hér er þó aðeins um breytingu á uppsetningu að ræða, þar eð selt fæði er nú uppfært sem tekjur og nemur kr. 1 350 þús., en var áður dregið frá kostnaði við matvörur. Kostnaður við Ljósmeðraskólann hækkar um 10 955 kr. og annar kostnaður hækkar um 461 þús. kr. vegna áhaldakaupa í nýja spítalann. Niður fellur til áhaldakaupa í röntgendeild 63 þús. kr.

Tekjur hækka um 820 þús. kr., vegna þess að selt fæði er nú talið með tekjum. Hins vegar lækka tekjur af daggjöldum um 580 þús. kr., þar eð nú er reiknað með 120 kr. daggjaldi í stað 130 kr. í gildandi fjárlögum.

Rekstrarhalli hækkar um 1 666 þús. kr.

B. *Fæðingardeild Landsspítalans*. Bætt er við einum námskandídat, og hækka laun sem því svarar. Bifreiðastyrkir hækka um 9 þús. vegna vanáætlunar. Fæðiskostnaður lækkar um 24 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 259 þús. kr., en iðgjöld til lífeyrissjóðs, 110 þús. kr., falla niður og eru talin með öðrum kostnaði.

Tekjuáætlun lækkar um 380 þús. kr. vegna lækkunar daggjalda.

Rekstrarhalli hækkar um 228 þús. kr.

C. *Hjúkrunarkvinnaskóli Íslands*. Gert er ráð fyrir launum til tveggja nýrra kennara og einnar starfsstúlku. Laun hækka af þessum sökum um 178 þús. kr. Fæðiskostnaður hækkar um 40 þús. kr. og annar kostnaður um 30 750 kr.

Tekjuáætlun hækkar um 40 þús. kr.

Rekstrarhalli hækkar um 215 þús. kr.

D. *Heilsuhælið á Vífilsstöðum*. Gert er ráð fyrir, að bætt verði við umsjónarmanni, og hækka laun af þeim sökum um 64 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 53 750 kr. Tekjur lækka um 170 þús. kr. Gert er ráð fyrir 85 kr. daggjaldi í stað 90 kr. í gildandi fjárlögum.

Rekstrarhalli hækkar um 254 þús. kr.

E. *Heilsuhælið í Kristnesi*. Kostnaður við matvörur lækkar um 64 þús. kr.

Tekjur lækka um 433 þús. kr. vegna lægra daggjalds og færri sjúklinga.

Rekstrarhalli hækkar um 356 þús. kr.

F. *Geðveikrahælið á Kleppi*. Gert er ráð fyrir launum til nýs umsjónarmanns, og hækka laun af þeim sökum um 64 þús. kr. Matvörur lækka um 118 þús. kr. og annar kostnaður um 79 500 kr.

Tekjuáætlun lækkar um 430 þús. kr.

Rekstrarhalli hækkar um 438 þús. kr.

G. *Holdsvæikraspítalinn í Kópavogi*. Starfsmannahald er óbreytt. Matvörur lækka um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 4 500 kr. Tekjur lækka um 1 750 kr. Rekstrarhalli hækkar um 2 400 kr.

H. *Fávítahælið í Kópavogi*. Starfsliði fjölgar um 5 starfsstúlkur vegna fjölgunar sjúklinga. Af þeim sökum hækka laun um 184 þús. kr. Matvörur hækka um 46 þús. kr. og annar kostnaður um 16 þús. kr. Tekjur hækka um 519 þús. kr. og rekstrarhalli hækkar um 211 þús. kr.

I. *Blóðbankinn*. Starfslið er óbreytt. Annar kostnaður lækkar um 4 500 kr. Tekjur hækka um 18 250 kr. Rekstrarhalli hækkar um 3 474 kr.

V. *Rannsóknarstofa háskólans*. Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður lækkar um 85 þús. kr. Tekjur hækka um 25 þús. kr. Rekstrarhalli lækkar um 48 600 kr.

VI. *Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa samkvæmt lögum* hækkar um 100 þús. kr. vegna áætlaðrar fjölgunar legudaga.

VIII. *Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum*. Styrkur til heilsuverndarstöðvar í Reykjavík hækkar um 350 þús. kr. vegna aukins kostnaðar heilsuverndarstöðvarinnar og þess, að áætlað er, að heilsuverndarstöðin taki nú við vörnum gegn kynsjúkdómum, og fellur þá niður sérstök fjárveiting, sem undanfarið hefur verið veitt í fjárlögum í því skyni. Styrkur til annarra heilsuverndarstöðva hækkar um 25 þús. kr.

XI. *Til héraðshjúkrunarkvenna* hækkar um 10 þús. kr.

XX. *Kostnaður vegna laga nr. 27 1945 um eyðingu á rottum* hækkar um 60 þús. kr. með hliðsjón af reynslu undanfarið.

XXIV. *Hluti rikissjóðs af launum ljósmæðra* hækkar um 38 þús. kr.

XXV. *Matvælaeftirlitið*. Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður lækkar um 20 þús. kr.

#### Um 13. gr. A.

I. *Stjórn og undirbúningur vegagerða*. Ferðakostnaður verkfræðinga og til aðstoðar og mælinga hækkar um 250 þús. kr., en til frádráttar kemur sama upphæð, sem er færð á ýmis verk. Skrifstofukostnaður hækkar um 100 þús. kr.

II. *Þjóðvegir*. Til nýrra akvega og til endurbyggingar þjóðvega er áætlað óbreytt, en viðhald hækkar um 2 200 þús. kr.

III. *Brúargerðir*. Til brúargerða er áætlað óbreytt frá gildandi fjárlögum.

VII. *Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 102 1933* lækkar um 1 300 þús. kr.

XIV. *Til fyrrverandi vegaverkstjóra og verkstjóraekkna* hækkar um 15 þús. kr.

XVI. *Gjöld samkvæmt lögum nr. 16 1943 um orlof verkamanna* lækka um 100 þús. kr.

XVII. *Atvinnuleysistryggingagjöld* lækka um 50 þús. kr.

#### Um 13. gr. B.

I. *Skipaútgerð ríkisins*. Áætlað er, að rekstrarhalli skipaútgerðarinnar hækki um 3 millj. kr. frá fjárlögum. Flokkunarviðgerðir þurfa að fara fram á 4 skipum á næsta ári, 12 ára flokkun á Heklu, 20 ára flokkun á Esju, 16 ára flokkun á Þyrli og 12 ára flokkun á Skjaldbreið. Gert er ráð fyrir nokkrum halla á hinu nýja Vestmannaeyjaskipi. Nokkrir aðrir rekstrarliðir skipanna hækka einnig. Þá eru tekjur áætlaðar nokkru lægri vegna þess hversu skipin verða mikið frá vegna flokkunarviðgerðanna.

#### Um 13. gr. C.

I. *Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála*. Starfsmannahald er óbreytt. Aukavinna hækkar um 6 þús. kr. og ferðakostnaður og fæðispeningar um 10 þús. kr.

III. *Laun vitavarða*. Föst laun lækka um 36 þús. kr., en aukagæzla og aðstoð hækkar um 15 þús. kr.

IV. *Rekstrarkostnaður vitanna*. Kostnaður við vitaskip er áætlaður 50 þús. kr. lægri en í fjárlögum nú.

VIII. *Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta* er áætlað óbreytt frá fjárlögum 1959.

IX. *Til hafnarbótasjóðs samkvæmt lögum* er áætlað 2 millj. kr. og hækkar um 100 þús. kr.

X. *Til dýpkunarskipsins Grettis*. Til kaupa á skóflubelti 570 þús. kr. í fjárlögum 1959 fellur nú niður.

#### Um 13. gr. D.

I. *Stjórn flugmála*. Starfsmannahald er óbreytt. Aukavinna hækkar um 20 þús. kr., en annar kostnaður lækkar um 25 þús. kr.

#### II. *Reykjavíkurlugvöllur*:

2. Slökkviliðsdeild. Aukavinna hækkar um 15 þús. kr. og álag á næturvinnu um 10 þús. kr.

3. Vélaverkstæði. Áætlunin hækkar lítillega, en tekjur og gjöld eru áætluð jafnhá og áður.

4. Trésmiðaverkstæði. Tekjur áætlaðar jafnháar gjöldum.

5. Viðhald og varðveizla mannvirkja. Aukavinna hækkar um 5 þús. kr. og laun verkamanna um 60 þús. kr. Efni, aðkeypt vinna og viðgerðir lækkar um 80 þús. kr.

6. Rafmagnsdeild. Hér kemur inn nýr liður, laun rafvirkja, 66 567 kr., en vegna mjög aukinna starfa hefur reynzt óhjákvæmilegt að lausráða rafvirkja til aðstoðar. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr., en til frádráttar koma 75 þús. kr. tekjur, og er það nýtt.

7. Annar kostnaður lækkar um 50 þús. kr.

#### III. *Keflavíkurlugvöllur*:

1. Skrifstofukostnaður. Annar kostnaður lækkar um 15 þús. kr.

2. Flugumferðarstjórn, Álag á næturvinnu og aukavinna hækkar um 26 þús. kr. og annar kostnaður um 142 600, eingöngu vegna rekstrar blindlendingartækja.

3. Flugumsjón. Álag á næturvinnu og aukavinnu hækkar um 35 þús. kr. og annar kostnaður um 8 þús. kr.

4. Flugvélaafgreiðsla. Vegna mistaka hafa fallið niður í þessa árs fjárlögum laun til einnar afgreiðslustúlku, og er það leiðrétt nú. Afgreiðslustúlkur hafa verið 5 á undanförunum árum, og er eins nú, en aðeins er ráð gert fyrir 4 í þessa árs fjárlögum. Álag á næturvinnu og aukavinna hækkar um 207 þús. kr. vegna stytts vinnutíma úr 42 stundum á viku í 39 stundir, á sama hátt og tíðkast í öðrum deildum flugvallarins. Laun afgreiðslumanna hækka um 50 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr.

5. Flugvirkjadeild. Efni og annar kostnaður hækkar um 36 500 kr.

6. Tryggingargjöld hækka um 27 þús. kr. vegna hækkunar á flugvalla-tryggingu.

8. Annar kostnaður lækkar um 25 þús. kr.

#### IV. *Aðrir flugvellir og sjóflughafnir*:

Snjómokstur er áætlaður 150 þús. kr., eða 75 þús. kr. lægri en í ár. Annar kostnaður hækkar um 201 þús. kr. vegna fjölgunar flugvalla.

#### V. *Flugöryggisþjónustan*:

##### B. Flugumferðarstjórn.

1. Upplýsingaþjónustan. Annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

2. Flugumferðarstjórn, Reykjavík. Gert er ráð fyrir óbreyttu föstu starfsliði, en óhjákvæmilegt er talið að bæta við þremur nýjum flugumferðarstjórum vegna fjölgandi flugferða á eftirlitssvæðinu, og er gert ráð fyrir launum þeirra í liðnum „álag á næturvinnu og aukavinna“, sem hækkar um 202 þús. kr.

3. Flugumferðarstjórn, Akureyri. Aukavinna hækkar um 8 þús. kr. og annar kostnaður um 25 þús. kr.

5. Flugumferðarstjórn, Egilsstöðum. Annar kostnaður hækkar um 15 þús. kr.

##### C. *Flugfjarskiptistöðvar*:

1. Viðhald stöðvanna.

A. Radioverkstæði í Reykjavík. Gert er ráð fyrir launum til 3 nýrra radioviðgerðarmanna, en vegna stórauðningar á flugfjarskiptakerfinu er óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir þessari fjölgun á þessu ári, og má búast við, að radioviðgerðarmönnum verði enn að fjölga um 4 á næsta ári. Efni og varahlutir hækka

um 150 þús. kr. og ferðakostnaður og aukavinna um 25 þús. kr. Til frádráttar kemur seld vinna og efni 505 þús. kr., sem hækkar um 248 857 kr.

B. Radioverkstæðið, Akureyri. Efni og varahlutir hækka um 10 þús. kr.

2. Rekstur stöðvanna hækkar um 360 þús. kr. með hliðsjón af reikningi 1958 og í samræmi við aukningu kerfisins.

VII. *Kostnaður við alþjóðaflugmálastofnunina og flugmálaráðstefnur:*

1. Framlag til ICAO hækkar um 27 þús. kr. samkvæmt samningi.

X. *Loftferðaeftirlit:*

Til flugskráningar hækkar um 75 þús. kr. vegna nýrra samninga við Air Registration Board um störf brezks flugvélaeftirlitsmanns.

XI. *Alþjóðaflugþjónustan:*

1. Flugumferðarstjórn hækkar um 150 þús. kr.

2. Fjarskiptiþjónustan hækkar um 600 þús. kr., samkv. áætlun póst- og símamálastjórnarinnar, sem send hefur verið ICAO og tekin óbreytt upp í frv.

3. Veðurþjónustan hækkar um 428 þús. kr. skv. áætlun veðurstofustjóra, sem tekin hefur verið óbreytt í frv. Til endurgreiðslu kemur alþjóðatillag, sem hækkar um 1 090 þús. kr. Hlutur Íslands af kostnaðinum hækkar um 88 þús. kr. frá fjárlögum nú.

XIII. *Veðurþjónusta á Grænlandi:*

Framlag til veðurþjónustu á Grænlandi hækkar um 68 700 kr., sem er samningsbundið.

Tekjur af flugvöllum eru áætlaðar óbreyttar.

#### Um 13. gr. E.

1. *Almenn veðurþjónusta:*

A. Yfirstjórn og skrifstofa. Starfsmannahald er óbreytt. Aukavinna hækkar um 9 þús. kr. og annar kostnaður um 16 þús. kr.

B. Veðurstofan á Reykjavíkflugvelli. Aukavinna og næturálag lækkar um 7 500 kr. Þóknun til veðurathugunarmanna hækkar um 19 þús. kr. og annar kostnaður um 84 þús. kr., og er það einkum hækkun á veðurskeytasendingum og kostnaður vegna væntanlegs flutnings í nýtt húsnæði.

C. Loftskeytadeild. Starfsmannahald er óbreytt, enn sem komið er, en búizt er við, að loftskeytamönnum fækki úr 11 niður í 5 með tilkomu hinna nýju tækja til vélrænnar móttöku veðurskeyta. Aukavinna lækkar um 23 þús. kr., en annar kostnaður hækkar um 8 þús. kr. Þá fellur niður 450 þús. kr. fjárveiting á fjárlögum 1959, sem var lán til ICAO til kaupa á nýjum tækjum.

D. Veðurfarsdeild. Gert er ráð fyrir óbreyttu starfsliði. Þóknun til veðurathugunarmanna hækkar um 13 700 kr. Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr.

E. Áhaldadeild. Starfsliði fjölgar um einn áhaldasmið, og hækka laun sem því svarar. Aukavinna hækkar um 4 þús. kr., en til kaupa á veðurathugunar-áhöldum lækkar um 33 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 47 þús. kr.

F. Jarðeðlisfræðideild. Aukavinna hækkar um 2 þús. kr. og annar kostnaður um 7 þús. kr. Til kaupa á klukku vegna jarðskjálftamælinga, 18 þús. kr., er nýtt.

G. Bóka- og skjalasafn. Annar kostnaður hækkar um 17 800 kr.

H. Jarðeðlisfræðiárið. Kostnaður lækkar um 12 þús. kr. Endurgreiðsla vegna flugveðurþjónustu hækkar um 41 600 kr.

2. *Tillag til alþjóðaveðurrannsóknastofnunarinnar* hækkar um 8 340 kr.

3. *Veðurþjónusta vegna millilandaflegs.* Ráðuneytið hefur tekið áætlun veðurstofustjóra óbreytta inn í frumvarpið, þar eð hún er í samræmi við áætlun þá, sem send er alþjóðaflugmálastofnuninni.

Um 13. gr. F.

I. *Ferðaskrifstofa ríkisins*. Starfsmannahald er óbreytt. Aukavinna hækkar um 10 þús. kr., húsaleiga, ljós, hiti og ræsting um 24 þús. kr. og annar kostnaður um 20 þús. kr. Tekjur hækka um 325 þús. kr. Hallinn lækkar um 270 þús. kr. og er eins og áður greiddur úr sérleyfissjóði.

II. *Skipaskoðun ríkisins*. Starfsliði fjölgar um skrifstofustjóra, og hækka laun af þeim sökum um 78 300 kr.

Ferðakostnaður hækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 15 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar óbreytt.

III. *Stýrimannaskólinn*. Stundakennsla og prófkostnaður lækkar um 6500 kr., en húsaleiga hækkar um 7 600 kr. Hiti, ljós og ræsting lækkar um 5 þús. kr. Til áhaldakaupa hækkar um 65 þús. kr. vegna kaupa á gyrokompás, sem áætlað er að kosti 130 þús. kr. Er hálf tækið tekið í frv. og hinn helmingurinn væntanlega á næsta ári. Til námskeiða utan Reykjavíkur hækkar um 60 þús. kr., vegna aukins nemendafjölda á námskeiðum þessum.

IV. *Sjómannaskólahúsið*. Tekjur og gjöld eru áætluð jafnhá og áður.

V. *Til matsveina- og veitingaþjónskólans* hækkar um 105 þús. kr. Hagnaður af mótuneyti, sem á s. l. ári var áætlaður 50 þús. kr., hverfur nú, þar eð skólinn mun ekki starfrækja mótuneyti á næsta ári. Stundakennsla hækkar um 26 600 kr. og ýmis annar kostnaður um 26 þús. kr.

VI. *Til landmælinga*. Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr.

VII. *Til sjómælinga*. Starfsmannahald er óbreytt. Til kaupa á vélum í sjómælingabát lækkar um 135 þús. kr., og er þetta lokagreiðsla.

Um 14. gr. A.

I. a. *Háskólinn*. Starfsmannahald breytist nokkuð, þar eð skipaðir hafa verið 8 dósentar í læknisfræði, 2 í laga- og viðskiptadeild og 5 lektorar í læknadeild, og nema launagreiðslur til þeirra 440 þús. kr. Í þess stað fellur niður fjárveiting til aukakennslu í læknisfræði, 70 þús. kr., í gildandi fjárlögum, til verklegar kennslu í meina- og sýklafræði, 17 þús. kr., og laun 5 aukakennara, sem nú verða dósentar, alls 58 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 35 þús. kr., en til tannlæknisstofu lækkar um 95 þús. kr. í samræmi við tillögur menntamálaráðuneytisins. Kennsla í lyfjafræði lyfsala 109 þús. kr. er nýtt, en kennslugrein þessi er ný í háskólanum. Verkleg kennsla í lyfjagerð er einnig nýr liður, 25 þús. kr. Stundakennsla og landmælingar hækka um 15 þús. kr. Til eðlisfræðirannsókna hækkar um 38 þús. kr. Fasteignagjöld og tryggingar hækka um 3 þús. kr. og prófkostnaður um 25 þús. kr. vegna fjölgunar prófa með auknum stúdentafjölda. Loks hækka ýmis gjöld um 180 þús. kr. í samræmi við tillögu menntamálaráðuneytisins. Til áhaldakaupa læknadeildar, í fjárlögum nú 30 þús. kr., fellur niður.

b. *Tilraunastofa háskólans á Keldum*. Starfslið er óbreytt. Annar kostnaður lækkar um 54 þús. kr. Tekjur hækka um 40 þús. kr.

II. *Til styrktar islenskum námsmönnum*. Styrkupp hæðin hækkar um 40 þús. kr. frá gildandi fjárlögum, og er þar miðað við, að 5 ára styrkjunum fjölgi úr fimm í sjö. Þá er sú breyting gerð, að framvegis er heimilt að veita fimm ára styrki hvort heldur til náms við Háskóla Íslands eða erlendis, en þeir eru nú einungis veittir stúdentum, sem nám stunda erlendis.

III. *Fræðslumálastjóraembættið*. Starfslið er óbreytt og annar kostnaður einnig.

IV. *Menntaskólinn í Reykjavík*. Kennurum fjölgar um 4 frá fjárlögum nú, en einn þessara kennara hefur þó tekið við starfi á árinu 1958. Af þessum sökum hækka laun um 267 þús. kr. Stundakennsla hækkar um 84 þús. kr. vegna fjölgunar bekkjadeilda. Prófkostnaður hækkar um 5 þús. kr.

V. *Menntaskólinn á Akureyri*. Kennurum fjölga um 2 vegna nýrra bekkja-deilda, en stundakennsla lækkar um 34 þús. kr.

VI. *Menntaskólinn á Laugarvatni*. Kennarafjöldi er óbreyttur. Húsnæði, ljós, hiti og ræsting hækkar um 13 þús. kr., prófkostnaður um 4 þús. kr. og annar kostnaður um 30 þús. kr., m. a. vegna viðhaldskostnaðar húsa. Til húsgagnakaupa vegna mótuneytis er nýr liður, 100 þús. kr.

VII. *Kennaraskólinn*. Tala fastra kennara er óbreytt, nema hvað kennari, sem tók hálf laun, lætur nú af kennslu, og lækka laun af þeim sökum um 36 812 kr. Stundakennsla hækkar um 95 600 kr., þar eð einn hinna föstu kennara hefur fengið árs orlof með óskertum launum, en starfi hans gegna stundakennarar. Ljós, hiti og ræsting hækkar um 1 þús. kr. og húsnæði utan skólans um 10 þús. kr. vegna flutnings í nýtt húsnæði.

Í handiðadeild hækkar stundakennsla um 13 þús. kr. og húsaleiga, ljós, hiti og ræsting um 15 þús. kr.

VIII. *Vélskólinn*. Starfslið er óbreytt. Stundakennsla lækkar um 16 642 kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 5 þús. kr. Styrkur til bókasafns er nýr liður 3 þús. kr. Prófkostnaður, 45 þús. kr., er nú áætlaður sérstaklega, en var áður í öðrum kostnaði, sem lækkar um 40 þús. kr.

IX. *Iðnfræðsla*. Miðað við fjárlög yfirstandandi árs hækka framlög til iðnfræðslu um 540 þús. kr. Stafar þessi hækkun af áætlaðri kennarafjölgun um  $3\frac{1}{3}$ , sem gerir 199 þús. kr. hækkun, og annar kostnaður hækkar um 341 þús. kr. Bætt er við iðnskóladeild við miðskólann á Dalvík, og iðnskólinn í Reykjavík hefur tekið í notkun aukið húsnæði og bætt við kennslugreinum og námskeiðum.

X. *Almenn barnafræðsla*. Framlög til barnafræðslunnar allrar hækka um 8 136 þús. kr. frá gildandi fjárlögum.

Tala kennara eykst nokkuð. Í fjárlögum þessa árs var ráðgert, að 25 nýir kennarar tækju til starfa á þessu hausti (1959). Koma því einungis september—desemberlaun þeirra til greiðslu samkvæmt fjárlögum 1959, en að sjálfsögðu heils árs laun þeirra árið 1960. Á haustinu 1960 er gert ráð fyrir 22 nýjum kennurum, sem taka laun aðeins í september—desember. Laun kennara hækka um 1 239 þús. kr. frá gildandi fjárlögum. Laun ráðskvænna hækka um 81 þús. kr., þar eð tveir nýir heimavistar skólar taka til starfa. Stundakennsla og þóknun til skólastjóra í tvi- og þrískiptum skólum hækkar um 387 þús. kr.

Hluti ríkissjóðs af öðrum rekstrarkostnaði barnaskólanna hækkar um 1 762 þús. kr., sem stafar einkum af auknum viðhaldskostnaði vegna slaukins skóla-húsnæðis og leigugreiðslum vegna skólahúsnæðis í Reykjavík.

Til framkvæmda sundskyldu í skólum hækkar um 8 þús. kr.

Framlag til byggingar barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra hækkar um 4 659 þús. kr. Samkvæmt lögum frá 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, er ríkissjóði skylt að hafa lokið greiðslu framlaga til hvernar framkvæmdar, miðað við upphaflega kostnaðaráætlun, innan 5 ára frá því er fyrsta framlag var innt af hendi. Til þess að ljúka þeim skólabyggingum, sem fé er byrjað að veita til, á tilskildum tíma, verður að áætla framlag þetta eins og hér er gert.

XI. *Gagnfræðamenntun*. Framlög til gagnfræðamenntunarinnar hækka alls um 6 585 þús. kr. frá gildandi fjárlögum.

Kennurum fjölga nokkuð. Ráðgert er, að 29 nýir gagnfræðaskólakennarar taki til starfa haustið 1959 og 27 nýir haustið 1960, sem þá taka laun aðeins mánuðina september—desember. Kennaraaukning þessi veldur hækkun á launum um 1 701 þús. kr. Þá hækkar launaliðurinn vegna aldursuppbóta o. fl. um 337 þús. kr. eða samtals um 2 038 þús. kr.

Stundakennsla, umsjón, tvi- og þrískipan í skólum hækkar um 409 þús. kr., nær eingöngu vegna nemendafjölgunar í Reykjavík.

Annar rekstrarkostnaður hækkar um 2 060 þús. kr., aðallega vegna aukins viðhaldskostnaðar skólahúsnæðis og leigu eftir skólahúsnæði í Reykjavík.

Framlag til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla hækkar um 2 079 þús. kr. af sömu ástæðum og áður segir um barnaskólana.

Til handíða- og myndlistarskóla, í gildandi fjárlögum 65 þús. kr., fellur nú niður.

#### XIII. *Húsmæðrafræðsla í kaupstöðum.*

1. *Húsmæðrakennaraskóli.* Gert er ráð fyrir óbreyttu starfsliði. Prófkostnaður hækkar um 5 þús. kr. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 16 þús. kr. Til kennsluáhalda, 10 þús. kr., er nýtt.

2.—6. *Almenn húsmæðrafræðsla.* Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 27 þús. kr. vegna aukins viðhaldskostnaðar. Til byggingar skóla er áætlað óbreytt.

#### XIV. *Til íþróttamála.*

1. *Íþróttakennaraskóli ríkisins.* Starfsmannahald er óbreytt. Stundakennsla lækkar um 5 þús. kr. Til íþróttatækja og bókasafns hækkar um 6 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr. Viðhald á íþróttahúsinu, 50 þús. kr., er nýr liður.

2. *Til íþróttasjóðs* er áætlað 1 600 þús. kr. eða 80 þús. kr. hærra en í gildandi fjárlögum.

10. *Til Olympíunefndar Íslands* vegna undirbúnings Olympíuleikanna 1960 er nú áætlað 200 þús. kr. í stað 100 þús. kr. í gildandi fjárlögum, og er þetta síðari greiðsla.

Til sundlaugarbyggingar á Akureyri vegna menntaskólans þar, 50 þús. kr. í gildandi fjárlögum, fellur nú niður.

#### XV. *Til kennslu heyrnar- og málleysingja.*

Starfsliði fækkar um einn kennara.

Kaup starfsstúlkna hækkar um 22 þús. kr., en annar kostnaður lækkar um 45 þús. kr.

#### XVII. *Kostnaður við barnaverndarráð* hækkar um 10 þús. kr.

XXXIV. *Námsstjórar barna-, gagnfræða- og húsmæðraskóla.* Annar kostnaður námsstjóranna hækkar um 15 þús. kr. og annar kostnaður fræðslufulltrúans í Reykjavík um 10 þús. kr.

XXXV. *Endurskoðun skólakostnaðar.* Annar kostnaður hækkar um 18 þús. kr.

XXXVI. *Til ríkisútgáfu námsbóka.* Áætlað er, að kostnaður við ríkisútgáfu námsbóka hækki um 325 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir, að lög nr 51/1956, um ríkisútgáfu námsbóka, komi að fullu til framkvæmda, en svo hefur ekki verið til þessa.

#### Um 14. gr. B.

I. *Landsbókasafnið.* Einn bókaforráðgjafi hefur fengið ársorlof með óskertum launum, og hækka laun af þeim sökum um 62 þús. kr. vegna staðgengils. Til þess að semja og prenta skrá um handrit hækkar um 10 þús. kr. og ýmis gjöld um 10 þús. kr.

II. *Þjóðskjalasafnið.* Starfsmannahald er óbreytt. Til spjaldskrár yfir manntöl, 25 þús. kr., fellur nú niður.

III. *Þjóðminjasafnið.* Starfslið er óbreytt. Til rekstrar hússins hækkar um 20 þús. kr., vegna hækkunar á fasteignagjöldum. Til verndunar fornleifanna að Stöng, 30 þús. kr., fellur niður, en inn kemur sama upphæð, til viðgerðar á Hóladómkirkju, en nauðsynlegt er talið, að fram fari rækileg viðgerð á kirkjunni fyrir árið 1963, en þá á kirkjan 200 ára afmæli.

IV. *Listasafn ríkisins.* Annar kostnaður hækkar um 30 þús. kr., einkum vegna aðkallandi viðgerða á málverkum, sem nauðsynlegt er talið að haldi áfram á næstu árum.

V. *Náttúrugripasafnið.* Starfsliði fjölgar um einn taxidermist, og hækka laun



af þeim sökum um 73 600 kr. Er þessi ráðstöfun talin óhjákvæmileg nú, þegar safnið flytur í ný húsakynni, en margir hinna eldri safnmuna eru svo úr sér gengnir, að óumflýjanlegt er að stoppa þá upp að nýju, bæði fugla og spendýr, áður en þau verða flutt í nýjan sýningarsal. Til kaupa á náttúrugripum, bókum o. fl. lækkar um 5 þús. kr., en hiti, ljós, ræsting og önnur gjöld hækka um 10 þús. kr. Til flutnings safnsins og til kaupa á húsgögnum, 100 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður. Inn kemur nýr liður, 70 þús. kr., vegna heimsóknar landfræðinga og jarðfræðinga í sambandi við alþjóðaþing þeirra, sem haldin verða á næsta ári í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi.

IX. *Safnahúsið*. Til viðhalds, áhalda og ræstingar lækkar um 10 þús. kr., en aðrir liðir eru óbreyttir.

X. *Framlög til bókasafna samkvæmt lögum nr. 42/1955*. Til sveitabókasafna og lestrarfélaga lækkar um 40 þús. kr. miðað við reynslu undanfarin ár. Til bókasafna, skóla og annarra opinberra stofnana lækkar um 10 þús. kr. Til byggingar bókasafna og lesstofa lækkar um 8 750 kr.

XI. *Styrkir til bókaútgáfu o. fl.* Undir þessum lið falla niður fjórir liðir í gildandi fjárlögum, alls að upphæð 160 þús. kr. Aðrir liðir eru óbreyttir, en inn kemur nýr liður, til útgáfu á blaðagreinum Jóns Sigurðssonar forseta, og er þetta fyrsta greiðsla af þremur. Er fjárveiting þessi veitt í samræmi við ályktun Alþingis 13. maí 1959.

XXXIV. *Til Friðriks Bjarnasonar*, tónskálds, 8 þús. kr., er nýr liður.

XL. *Til Tónlistarskólans í Reykjavík*, laun skólustjóra í kennaradeild, er nýr liður, 85 þús. kr.

XLII. *Til Guðmundu Elíasdóttur*, söngkonu, 8 þús. kr. í gildandi fjárlögum, fellur niður, en inn kemur nýr liður jafnhár til Leifs Þórarinssonar, til tónlistarnáms.

XLIX. *Til Þuríðar Pálsdóttur*, söngkonu, er nýr liður, 8 þús. kr.

LXXII. *Til umbóta á Þingvöllum* lækkar um 10 þús. kr.

LXXIX. *Til Matthíasarfélagsins á Akureyri* lækkar um 15 þús. kr.

LXXX. *Til að reisa höggmynd af Ingólfi Arnarsyni í Rivedal í Noregi*. Á fjárlögum 1959 eru veittar 100 þús. kr. til þess verks. Áætlað er, að verkið kosti 300 þús. kr., og með því að styttn mun væntanlega verða reist á árinu 1960, er þessi kostnaðarliður áætlaður 200 þús. kr. nú.

Um 15. gr.

I. *Biskupsembætti*. Gert er ráð fyrir, að laun ritara hækki úr XIII. launaflokki í XI. Húsaleiga biskups, 30 þús. kr., fellur niður.

II. *Embætti sóknarpresta og prófasta*. Gert er ráð fyrir launum 119 presta, svo sem er í gildandi fjárlögum. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta, lækkar um 30 þús. kr.

X. *Kostnaður við kirkjuþing*. Kirkjuþing er haldið annað hvert ár, og er því fjárveiting til þess einungis í fjárlögum annað hvert ár, að þessu sinni 120 þús. kr.

XI. *Árgjöld þjóðkirkjunnar til alþjóðakirkjusambanda* hækka um 5 þús. kr.

XIII. *Til framkvæmda í Skálholti* lækkar um 500 þús. kr.

XV. *Til eftirlits með kirkjugörðum* lækkar um 7 800 kr.

XVI. *Til greiðslu vaxta vegna kaupa á biskupsbústað*, 25 þús. kr., er nýtt.

Um 16. gr. A.

1. *Til Búnaðarfélags Íslands*. Framlag til félagsins lækkar um 71 300 kr.

3. *Til greiðslu á kostnaði af starfi veiðistjóra* lækkar um 66 þús. kr. með hliðsjón af reynslu síðastliðins árs.

5. *Gjöld samkvæmt jarðræktarlögum*. Jarðræktarframlög eru áætluð 650 þús. kr. hærri en í ár og til framræslu lækkar um 600 þús. kr. Til kaupa á nýjum skurðgröfum, 332 500 kr. í fjárlögum nú, fellur niður.

9. *Til búffjarræktar.*
- a. *Nautgriparrækt.* Almennur styrkur til nautgriparræktarféлага hækkar um 10 þús. kr., en til verðlauna lækkar um 45 þús. kr. vegna færri nautgripa á sýningar-svæðinu næsta ár.
- b. *Sauðffjarrækt.* Styrkur til sauðfjárkynbótabúa lækkar um 5 þús. kr., en styrkur til sauðfjarræktarféлага hækkar um 20 þús. kr., vegna fjölgunar féлага.
- c. *Hrossarrækt.* Til hrossarræktarsambanda lækkar um 5 þús. kr., en verð-launafé á landssýningu hækkar um 2 þús. kr. Til kynbótabúsins á Hólum, 12 þús. kr., er í fjárlögum annað hvert ár.
- e. *Til sæðingarstöðva.* Rekstrarstyrkir hækka um 39 þús. kr.
12. *Til jarðræktartilrauna.* Rekstrarkostnaður tilraunastöðvanna hækkar um 50 þús. kr., en aðrir liðir eru áætlaðir óbreyttir.
- Til að koma upp sýningarreitum í jarðrækt í gildandi fjárlögum, 500 þús. kr., fellur nú niður.
14. *Framlag samkvæmt lögum um landnám, ræktun og byggingar i sveitum* er óbreytt, enda lögákveðið.
19. *Til fyrirhleðslu í Miðskálaá og Írá* lækkar um 31 500 kr.
20. *Til fyrirhleðslu í Hólmsá á Mýrum, A.-Skaftafellssýslu* lækkar um 275 þús. kr.
23. *Til sjóvarnargarða* er nú áætlað 1 292 þús. kr., og er það sama tala og í fjárlögum nú, en upphæðinni er ekki skipt til einstakra varnargarða.
- Eftirtaldir liðir falla niður: Til fyrirhleðslu í Skálm í Álftaveri, til landþurrk-unar á Stokkseyri, til landþurrkunar í Vestur-Landeyjum og til landþurrkunar í Austur-Landeyjum, alls kr. 124 þús.
24. *Til sandgræðslu.* Skrifstofukostnaður hækkar um 5 þús. kr., og ýmis gjöld um 5 þús. kr. Aðrir liðir eru áætlaðir óbreyttir frá fjárlögum nú.
27. *Til skógræktar.* Starfsfólki fjölgar um tilraunastjóra, og hækka laun af þeim sökum um 78 300 kr. Skrifstofukostnaður hækkar um 9 þús. kr. Vextir og afborganir af skuldum lækka um 29 þús. kr. Til gróðurrannsóknna, 15 þús. kr., er nýr liður. Aðrir liðir eru áætlaðir óbreyttir frá fjárlögum.
30. *Veidimálaskrifstofan.* Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður hækka- ar um 25 þús. kr. vegna óhjákvæmilegrar aukaaðstoðar, og er þá gert ráð fyrir stúlku í hálfu starfi.
33. *Til dýralækna.* Gert er ráð fyrir einum nýjum dýralækni, og hækka laun af þeim sökum um 50 þús. kr. Skrifstofukostnaður yfirdýralæknis hækkar um 15 þús. kr., en af þessum lið er einnig greiddur símakostnaður héraðsdýralækna.
- Sóttvarnaraðgerðir og ferðakostnaður héraðsdýralækna er nýr liður, 30 þús. kr. Óhjákvæmilegt er talið að gera ráð fyrir þessum kostnaðarlið, þar eð héraðsdýra- læknar ferðast alltaf nokkuð árlega í þágu embættisins.
36. *Kostnaður við berklapróf i nautgripum* er áætlað 20 þús. kr. og lækkar um 16 þús. kr. Er áætlað, að hægt sé að ljúka þeim prófunum, sem ráð er fyrir gert, fyrir þessa upphæð.
37. *Kostnaður við sauðffjárjúkdómavarnir.* Skrifstofukostnaður hækkar um 15 þús. kr. Bætur vegna fjárförgunar, uppeldisstyrkur og aðrar bætur og styrkir hækka um 820 þús. kr. vegna niðurskurðar fjár í Reykhólahreppi í Barðastr.sýslu, en þar hefur orðið vart mæðiveiki. Kostnaður við vörzlu hækkar um 50 þús. kr., til rannsóknna lækkar um 5 þús. kr. og til niðurgreiðslu vaxta af viðreisnarlánnum um 35 þús. kr.
- Til Baldvins Jónssonar vegna dúnhreinsunartækja, 80 þús. kr. í gildandi fjár- lögum, fellur niður.
44. *Búnaðarkennsla.*
- a. Bændaskólinn á Hólum. Starfslið er óbreytt. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 20 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr.

b. Bændaskólinn á Hvanneyri. Stundakennsla hækkar um 950 kr., en aðrir liðir eru áætlaðir óbreyttir.

c. Garðyrkjuskólinn á Reykjum. Starfslið er óbreytt. Til viðhalds hækkar um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 20 þús. kr.

45. *Húsmæðraskólar utan kaupstaða*. Fjárveiting til húsmæðrafræðslu utan kaupstaða hækkar um 223 þús. kr. frá gildandi fjárlögum. Starfsmannahald er óbreytt, en nokkrar launahækkunar verða vegna aldurhækkana. Að öðru leyti stafar hækkunin af nokkurri hækkun á stundakennslu og auknum viðhaldskostnaði.

48. *Til kvenfélagasambands Íslands*, til greiðslu launa heimilisráðunautar, er nýr liður, 73 þús. kr.

#### Um 16. gr. B.

1. *Til Fiskifélags Íslands* hækkar um 154 500 kr., sem stafar af hækkuðum skrifstofukostnaði og launum um 79 500 kr., auknum prentkostnaði Ægis um 55 þús. kr., og nýjar aflaskýrslur um 20 þús. kr.

2. *Til eftirlits með hvalvinnslustöðvum* hækkar um 1 500 kr.

14. *Kostnaður við mat á sjávarafurðum*.

a. *Fiskmat*. Starfslið er óbreytt. Skrifstofukostnaður hækkar um 53 þús. kr., m. a. vegna hækkunar húsaleigu. Kostnaður við námskeið fiskmatsmanna hækkar um 10 þús. kr. og ferðakostnaður um 5 þús. kr. Þá kemur inn nýr liður, breyting á skrifstofuhúsnæði, 41 800 kr., en breyting þessi hefur þegar verið framkvæmd.

b. *Sildarmat*. Tímakaup matsmanna hækkar um 4 700 kr. og annar kostnaður um 4 þús. kr.

d. Ferðakostnaður matsmanna hækkar um 50 þús. kr. samkvæmt reynslu undanfarið.

#### Um 16. gr. C.

4. *Til iðnlánasjóðs* hækkar um 22 500 kr.

5. *Til iðnfræðsluráðs* hækkar um 25 þús. kr., sem er kostnaður af húsaleigu.

8. *Styrkur til byggingar iðnskóla í Hafnarfirði* lækkar um 25 þús. kr.

11. *Öryggiseftirlit ríkisins*. Starfslið er óbreytt. Þóknun til skoðunarmanna, sem ekki taka föst laun, hækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 20 500 kr., vegna kostnaðar við norræna eftirlitsráðstefnu, sem haldin verður hér á landi á næsta ári. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

#### Um 16. gr. D.

Á aðalskrifstofu raforkumálanna kemur inn nýr skjalavörður, sem áður var teiknari hjá rafmagnsveitum, og er því ekki um fjölgun að ræða, heldur tilfærslu í starfi. Flokkshækkunar verða hjá sex starfsmönnum aðalskrifstofu. Laun starfsfólks á aðalskrifstofu skiptast á einstakar deildir eftir ákveðnum hlutföllum.

I. *Stjórn raforkumála*. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

II. *Til undirbúnings rannsókna og áætlana um nýjar virkjanir og raforkuframkvæmdir*. Starfsmannahald er óbreytt. Skrifstofukostnaður hækkar um 6 þús. kr. Tekjur og gjöld þessarar deildar standast á.

III. *Rafmagnsveitur ríkisins*. Föstu starfsliði fækkar um einn teiknara, sem flyzt á aðalskrifstofu. Skrifstofukostnaður hækkar um 200 þús. kr. og annar kostnaður um 4 millj. kr. Rekstrarkostnaður og raforkukaup veitna hækkar um 22 millj. kr. Rekstrartekjur veitna hækka um 30 millj. kr. Bráðabirgðalán til greiðslu á rekstrarhalla veitna er nú áætlað 7 millj. kr., og er það 8 millj. kr. lægra en í gildandi fjárlögum.

VII. *Rafmagnseftirlit ríkisins*. Starfsliði fjölga um 2 rafmagnseftirlitsmenn. Skrifstofukostnaður hækkar um 5 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

IX. *Raforkusjóður*. Framlag til raforkusjóðs hækkar um 750 þús. kr. og er nú áætlað 15 millj. kr.

X. *Jarðhitadeild*. Skrifstofukostnaður hækkar um 6 þús. kr., en annar kostnaður lækkar um 25 þús. kr. Aðrir liðir eru áætlaðir óbreyttir.

#### Um 16. gr. E.

##### I. *Atvinnudeild háskólans*:

1. *Iðnaðardeild*. Starfsmannahald er óbreytt, en einn starfsmaður flyzt úr X. launaflokki í VIII. Aðrir kostnaðarliðir eru óbreyttir, en tekjur hækka um 40 þús. kr.

2. *Fiskideild*. Gert er ráð fyrir nýjum aðstoðarmanni í X. launaflokki, en launagreiðslur til sérfræðings, sem unnið hefur hálf starf, falla niður. Annar kostnaður hækkar um 70 þús. kr., vegna aukinnar starfsemi og miðað við reynslu undanfarið.

3. *Landbúnaðardeild*. Starfslið er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 60 þús. kr. miðað við reynslu undanfarið. Til gróðurrannsóknna, 15 þús. kr., er nýr liður.

Laun fjárræktarbúsins á Hesti hækkar um 131 þús. kr. vegna tilfærslu frá öðrum kostnaði, en sá liður lækkar um 115 þús. kr. Tekjur búsins á Hesti hækka um 10 þús. kr. Laun á tilraunabúinu á Varmá hækka um 10 þús. kr. og tekjur hækka um 7 þús. kr.

4. *Sameiginlegur kostnaður*. Starfslið er óbreytt. Ljós, hiti og ræsting hækkar um 30 þús. kr., vegna aukins húsnæðis fiskideildar. Viðhald hækkar um 45 þús. kr. vegna endurbóta á loftræstingarkerfi. Endurgreiðsla á láni lækkar um 115 þús. kr. Tekjur frá Happraðtti Háskóla Íslands hækka um 50 þús. kr.

##### II. *Til rannsóknaráðs*:

Starfsmannahald er óbreytt. Til athugunar á vinnslu biksteins í Loðmundarfirði, 50 þús. kr., fellur niður, en inn kemur nýr liður jafnhár, til rannsókna á kísilleir við Mývatn og víðar.

III. *Löggildingarstofan*. Starfslið er óbreytt. Annar kostnaður lækkar um 68 þús. kr., en tekjur hækka um 30 þús. kr.

#### Um 17. gr.

##### I. *Sveitarstjórnarmál*:

1. *Skipulag bæja og kaupúna*. Ferðakostnaður og eftirlit hækkar um 6 þús. kr. og mælingakostnaður um 3 500. Kostnaður við loftmyndatöku og útteiknun korta hækkar um 100 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum og hækka um 160 þús. kr.

2. *Til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga* hækkar um 250 þús. kr.

5. *Til vegagerðar og lagningar skólaveitu í Egilsstaðakaupúni*, samkvæmt lögum nr. 58 1947, er nýr liður, 168 695 kr. Ríkissjóður á samkv. lögum að sjá um framkvæmdir þessar, og hefur nokkru fé verið varið til þeirra á undanförunum árum, og þykir því rétt að gera ráð fyrir kostnaðinum í fjárlögum.

##### II. *Húsnæðismál*:

1. *Húsnæðismálastofnun ríkisins*. Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði er áætlað 4 millj. kr. og hækkar um 200 þús. kr. frá fjárlögum. Kostnaður við skyldusparnað hækkar um 1 150 þús. kr., og er það talið óhjákvæmilegt með hliðsjón af reynslu árið 1958, en þá nam kostnaður pósthjónarinnar og skattstofunnar í Reykjavík 1914 þús. kr. Eftirlit samkvæmt lögum nr. 10 1957, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum, lækkar um 35 þús. kr.

2. *Framlag til byggingarsjóða kaupstaða og kaupúna* hækkar um 200 þús. kr.

3. *Kostnaður við húsaleigueftirlit* lækkar um 48 þús. kr.

4. *Til teikninga á verkamannabústöðum* er nýr liður, 100 þús. kr., en samkvæmt lögum nr. 36 1952 ber ríkissjóði að láta gera uppdrætti að verkamannabústöðum. Árið 1958 voru greiddar 88 þús. kr. í þessu skyni.

### III. Vinnumál:

7. *Til orlofsheimilis verkalýðssamtakanna* hækkar um 25 þús. kr.

8. *Kostnaður við framkvæmd orlofslaga* hækkar um 475 þús. kr. Þessi kostnaður reyndist árið 1958 625 þús. kr., og er það sama upphæð og hér er gert ráð fyrir.

9. *Framlag til I. L. O.* hækkar um 16 þús. kr.

### IV. Almennatryggingar:

*Framlag til almennatrygginga* hækkar um 11 854 þús. kr., og eru breytingar á einstökum liðum þessar:

1. *Framlag til lífeyristrygginga* hækkar um 9 554 þús. kr. Að óbreyttum lögum hefði framlag til lífeyristrygginga átt að lækka um 1 600 þús. kr. vegna betri afkomu árin 1958 og 1959 en áætlað var. Fyrir Alþingi 1959 var lagt frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 24 1956, um almennatryggingar. Frumvarp þetta hlaut ekki afgreiðslu á þinginu, en telja má líklegt, að það verði samþykkt á næsta þingi. Frumvarp þetta fjallar um hækkun bóta, og er kostnaður af þeim ástæðum áætlaður 33.8 millj. kr. á ári. Samkv. 24. gr. laga nr. 24 1956 koma 33% af þessum kostnaðarauka í hlut ríkissjóðs, eða samtals 11 154 þús. kr.

2. *Framlag til sjúkratrygginga* hækkar um 300 þús. kr.

3. *Framlag til atvinnuleysistrygginga* hækkar um 2 millj. kr. Stafar sú hækkun af hækkun verkamannakaups á s. l. ári, en iðgjöld til atvinnuleysistrygginga fara eftir kaupum Dagsbrúnarverkamanna árið á undan og fjölda tryggðra.

### V. Önnur félagsmál:

1. *Ríkisframbærsla sjúkra manna og örkumla* lækkar um 2 831 þús. kr.

a. Styrkur til berklasjúklinga lækkar um 757 þús. kr. Vistdagar berklasjúklinga eru nú áætlaðir 71 500 í stað 77 þús. í áætlun yfirstandandi árs.

f. Styrkur til sjúklinga annarra en berklasjúklinga lækkar um 2 074 þús. kr., aðallega vegna:

1) Fækkunar vistdaga á Kleppsspítala um 3 þús., sem er í samræmi við reynslu ársins 1958. 2) Vistdagar áfengissjúklinga fækka um 4 500. 3) Lækkunar á kostnaði vegna ellikramarsjúklinga um 767 þús. kr. Vistdagar eru áætlaðir færri um 4 855, og daggjöld hafa lækkað úr 87 kr. í 82 kr. Þá er þess að gæta, að Tryggingastofnun ríkisins greiðir hærri ellilífeyri nú en áætlað var í áætlun yfirstandandi árs, sem veldur því, að ríkisframbærslan greiðir nú ekkert með mörgum sjúklingum vistuðum á sjúkradeild Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, en gert var ráð fyrir, að ríkisframbærslan þyrfti að greiða með flestum sjúklingum, sem vistaðir eru þar.

2. *Önnur ríkisframbærsla.*

d. Greiðsla með börnum erlendra manna hækkar um 200 þús. kr.

9. *Til Kvenfélagsins Hlíf á Akureyri*, byggingarstyrkur, 25 þús. kr., er nýr liður.

11. *Til Verkakvennafélagsins Framtíðin í Hafnarfirði*, byggingarstyrkur, 50 þús. kr., er nýr liður.

Um 18. gr.

Greinin í heild hækkar um 1 745 þús. kr. Eftirlaun og styrktarfé lækkar um 57 þús. kr. Framlag samkvæmt lögum nr. 64 1955 og 66 1955, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og barnakennara, hækkar um 1 200 þús. kr., og framlag til grunnlauna og vistöluuppbóta á lífeyri hækkar um 600 þús. kr.

Um 19. gr.

Greinin í heild lækkar um 111 millj. kr. Framlagið til útflutningssjóðs, 152 millj. kr. í gildandi fjárlögum, er nú lækkað niður í 50 millj. kr., þar eð gert er ráð fyrir, að Alþingi verði að fjalla um efnahagsmálin í heild og hvaða leiðir verði í þeim farnar, sbr. það, sem segir í almennum athugasemdum við frv.

Um 20. gr.

Inn: *Fyrningar*, að upphæð 1 850 þús. kr., falla nú niður, þar eð fyrningar hafa verið felldar niður úr gjaldahlið frv.

Út:

I. *Afborganir af lánnum ríkissjóðs* hækka um 1 337 þús. kr., og eru taldar nema 12 783 þús. kr. Þessi fjárhæð er sundurliðuð á bls. 86—88. Afborganir af lán- um landssímans lækka um 200 þús. kr.

III. *Til eignaaukningar landssímans* hækkar um 1 020 þús. kr., og er nú áætlað 9 350 þús. kr.

IV. *Til bygginga á jörðum ríkisins* er nú áætlað 2 millj. kr., sem er 200 þús. kr. hækkun frá fjárlögum.

V. *Til ræktunar á jörðum ríkisins* er áætlað 10 þús. kr. hærra en í fjárl. nú.

VII. *Til viðbótarhúsnæðis ríkisspítalanna og til byggingar fávítahælis* er nú áætlað 5 190 þús. kr., og hækkar um 259 þús. kr., þar eð 5% skerðingin kemur ekki á þennan lið nú.

X. *Til viðbótarhúsnæðis við rannsóknarstofu á Keldum* hækkar um 35 þús. frá fjárlögum í ár, og er áætlað 700 þús. kr.

XI. *Til sjúkraflygvalla* er áætlað 500 þús. kr. og hækkar um 8 þús. kr. frá fjárlögum í ár.

XII. *Til byggingar heimavistarhúss við Menntaskólann á Akureyri* er nú áætlað 500 þús. kr., og er þar um að ræða hækkun um 400 þús. kr.

*Til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni* hækkar um 22 500 kr. og til byggingar kennaraskóla Íslands hækkar um 50 þús. kr. Til framkvæmda á Hvanneyri, 600 þús. kr. í gildandi fjárlögum, fellur nú niður.

XIII. *Til byggingar á prestssetrum* hækkar um 85 þús. kr. og er nú áætlað 1 700 þús. kr.

XV. *Til útihúsa á prestssetrum* hækkar um 36 þús. kr.

XVI. *Til byggingar embættisbústaða héraðsdómara* hækkar um 27 þús. kr.

XVII. *Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík* hækkar um 40 þús. kr. og er áætlað 800 þús. kr.

XVIII. *Til byggingar lögreglustöðvar á Keflavíkurflugvelli* lækkar um 60 þús. kr.

XX. *Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga* hækkar um 18 þús. kr.

XXI. *Til byggingar tilraunagróðurhúss að Varmá* hækkar um 5 þús. kr.

XXIII. *Til byggingarsjóðs Listasafns Íslands* eru veittar 500 þús. kr. Á þessa árs fjárlögum voru veittar 500 þús. kr. til byggingar Kjarvalshúss, en samkvæmt ósk Jóhannesar Sv. Kjarvals hefur nú verið hætt byggingu íbúðar og sýningar-salar fyrir hann, en stofnaður með lögum nr. 41/1959 byggingarsjóður Listasafns Íslands af fé því, sem fyrir hendi var til byggingar Kjarvalshúss.

XXIV. *Til byggingar embættisbústaða fyrir dýralækna* hækkar um 18 þús. kr.

XXV. *Til aukningar landhelgisgæzlu* hækkar nú um 1 800 þús. kr.

XXVI. *Til kaupa á biskupsbústað* er nýr liður, 300 þús. kr., en ríkissjóður hefur fest kaup á embættisbústað fyrir biskup.

Tveir liðir í gildandi fjárlögum, að upphæð 135 þús. kr., falla niður, en aðrir, sem ekki er sérstaklega getið, eru óbreyttir.

Um 22. gr.

XI. Hér er aflað heimilda til að lána eða ábyrgjast lán, að upphæð 1.2 millj. kr. til útsölu Friðhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli. Rekstur þessi er nú orðinn það umfangsmikill, að nauðsyn á auknu rekstrarfé er orðin brýn.

XII. Aflað er heimildar til að ábyrgjast allt að 7.5 millj. kr. lán fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins til aukningar á geymslurými fyrir bræðslusild hjá verksmiðjunni á Raufarhöfn og til byggingar löndunarbyggju þar á staðnum og til uppsetn-

ingar nýrra löndunartækja. Eru framkvæmdir þessar taldar mjög aðkallandi með hliðsjón af reynslu síðustu ára.

XIII. Hér er aflað heimildar fyrir rikissjóð að ábyrgjast allt að 1.4 millj. kr. lán fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins til að koma upp viðbótartækjum við soðvinnslustöð verksmiðjanna á Siglufirði. Er áætlað að auka afköst soðvinnslustöðvarinnar um 6000 mál með hinum nýju tækjum, en núverandi vinnslustöð vinnur úr soði frá ca. 8000 málum síldar á sólarhring.

XX. Á síðastliðnu hausti hóf Mjólkursamsalan í Reykjavík sölu neyzlu-mjólkur í pappaumbúðum. Pappír sá, sem notaður er í umbúðir þessar, fellur undir nr. 15 í 44. kafla tollskrár með 14.4% verðtoli. Á hinn bóginn bera innfluttar mjólkurflöskur nú 3.6% verðtoll og 3.6 auru af kg í vörumagnstoll. Hér er því aflað heimildar til að endurgreiða aðflutningsgjöldin að því leyti, sem þau yrðu hærri en af mjólkurflöskum.

XXX. Heimild þessi er hér tekin upp í samræmi við loforð ríkisstjórnarinnar um uppgjöf þurrafrúalána, er samningar stóðu yfir um síðustu áramót um starfsgrundvöll bátaútvegsins.

XXXIII. Hér er aflað heimildar fyrir rikissjóð að selja húseignina Leifsgötu 16 í Reykjavík, ef viðunandi boð fæst. Andvirðinu verður varið til kaupa á biskupsbústað.

XXXV. Hér er aflað heimildar til að taka erlent lán, að upphæð allt að 1.2 millj. dollara, til hafnargerðar í Þorlákshöfn.

XXXVI. Hér er aflað heimildar til að ábyrgjast 1.8 millj. kr. lán fyrir Skipasmíðastöðina Dröfn í Hafnarfirði til að stækka athafnasvæði stöðvarinnar og bæta aðstöðuna til skipaviðgerða.

XXXVII. Hér er aflað heimildar til að ábyrgjast 3 millj. kr. lán fyrir Slippfélagið h/f í Reykjavík. Hér er raunverulega um endurveitingu að ræða, þar eð í fjárlögum 1954 var heimild til að ábyrgjast 6 millj. kr. lán fyrir Slippfélagið h/f, sem ekki var þá notað nema að hálfu.

Starfsmannaskrá ríkisins í frumvarpi til fjárlaga 1960.

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	<b>Póstmalaskrifstofan:</b>			
	Póst- og símamálastjóri (½ laun) ....	1	II.	kr. 51 198
	Skrifstofustjóri .....	1	V. --	85 310
	Póstmalafulltrúi .....	1	VII. --	73 624
	Aðalbókari .....	1	VII. --	73 624
	Fulltrúar .....	7	VIII.—IX. --	473 302
	Bókarar .....	4	X. --	229 939
	Ritarar .....	3	XIII. --	135 925
		18		kr. 1 122 922

**Póststofan í Reykjavík:**

Póstmeistari .....	1	VI.	kr. 78 300
Deildarstjórar .....	3	VII. --	220 875
Aðalféhirðir .....	1	VII. --	73 625
Varðstjórar .....	4	VIII. --	275 800
Póstfulltrúar og póstaðstoðarmenn ...	68	IX.—X. --	4 210 564
Bréfberar og póstaðstoðarmenn .....	42	XII. --	2 172 196
Húsvörður .....	1	XII. --	52 275
	120		kr. 7 083 635

**Póststofan á Akureyri:**

Póstmeistari .....	1	VII.	kr. 73 624
Fulltrúar .....	3	VIII.—IX. --	197 502
Póstaðstoðarmenn .....	3	X. --	177 928
Bréfberar .....	2	XII. --	104 548
Póstsendlar .....	2	U. --	50 000
	11		kr. 603 602

**Póstaðstoðin á Ísafirði:**

Póstaðstoðarmaður (⅓ launa) .....		VII.	kr. 24 541
Fulltrúi .....	1	VIII. --	68 950
Póstaðstoðarmenn .....	2	X. --	120 372
Bréfberi .....	1	XII. --	52 274
	4		kr. 266 137

**Póstaðstoðin á Seyðisfirði:**

Póstaðstoðarmaður (⅓ launa) .....		VII.	kr. 24 541
Póstaðstoðarmaður .....	1	X. --	60 186
Bréfberi .....	1	U. --	22 056
Aukaaðstoð .....		U. --	26 000
	2		kr. 132 783



Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	<b>Póstafgreiðslan á Siglufirði:</b>			
	Póstafgreiðslumaður (1/3 launa) .....		VII.	kr. 24 541
	Fulltrúi .....	1	VIII.	— 68 950
	Póstafgreiðslumenn .....	2	X.	— 110 730
	Bréfberi .....	1	XII.	— 52 274
		4		kr. 256 495

**Póstafgreiðslan í Vestmannaeyjum:**

	Póstafgreiðslumaður (1/3 launa) .....		VII.	kr. 24 541
	Póstfulltrúi .....	1	VIII.	— 68 950
	Afgreiðslumenn .....	2	X.	— 106 348
	Bréfberar .....	2	XII.	— 100 943
		5		kr. 300 782

**Landssíminn:**

**Aðalskrifstofan:**

	Póst- og símamálastjóri (1/2 laun) ....		II.	kr. 51 198
	Skrifstofustjóri .....	1	V.	— 85 311
	Aðalgjaldkeri .....	1	VII.	— 73 625
	Aðalbókari .....	1	VII.	— 73 625
	Yfirverkfræðingar .....	2½	IV.—V.	— 177 636
	Verkfræðingar .....	5	U.	— 378 179
	Yfirteiknari .....	1	IX.	— 64 276
	Teiknari .....	1	X.	— 60 185
	Fulltrúar .....	18	VIII.—IX.	— 1 213 056
	Bókarar .....	9	X.—XI.	— 512 453
		38		kr. 2 689 544

**Ritsímastöðin í Reykjavík:**

	Ritsímastjóri .....	1	VI.	kr. 78 300
	Yfirvarðstjórar .....	4	VIII.—X.	— 258 270
	Varðstjórar .....	5	VIII.—XI.	— 317 872
	Fulltrúar .....	2	VIII.—IX.	— 133 226
	Símritarar .....	11	IX.—X.	— 691 843
	Bókarar .....	7	XI.	— 388 577
	Aðstoðarmaður .....	1	X.	— 60 185
	Skeytaskrásetjarar .....	2	XI.	— 111 022
	Talsímakonur .....	73	XII.—XIII.	— 3 412 668
	Sendimenn .....	10	XI.—XII.	— 518 567
	Eftirlitsstúlkur .....	2	XI.	— 111 022
	Næturvörður .....	1	XI.	— 55 511
		119		kr. 6 137 063

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
<b>3.</b>	<b>Bæjarsími Rvíkur og Hafnarfjarðar:</b>			
	Bæjarsímstjóri .....	1	VI. kr.	78 300
	Innheimtugjaldkeri .....	1	VIII. —	68 950
	Umsjónarmaður .....	1	VII. —	73 625
	Símafræðingur .....	1	VII. —	73 625
	Símstjóri í Hafnarfirði .....	1	VIII. —	68 950
	Fulltrúar .....	9	VIII.—IX. —	606 528
	Verkstjórar .....	6	VIII.—IX. —	409 026
	Símvirkjar .....	14	IX.—X. —	858 954
	Bókarar .....	11	X.—XI. —	629 317
	Iðnaðarmenn .....	2	X. —	120 370
	Næturvörður .....	1	XI. —	55 511
	Aðstoðarmenn .....	2	X.—XI. —	115 696
	Teiknarar .....	2	X. —	120 370
	Línuverkstjórar .....	3	X. —	166 576
	Línumenn .....	27	XI. —	1 485 040
	Ritarar .....	2	XIII. —	95 028
	Talsímakonur .....	9	XII.—XIII. —	404 919
	Símvirkjar .....	7	X. —	372 218
	Aðstoðarféhirðar .....	2	X. —	120 370
		<b>102</b>		<b>kr. 5 923 373</b>
	<b>Loftskeytastöðin í Reykjavík:</b>			
	Stöðvarstjóri .....	1	VIII. kr.	68 950
	Símritarar .....	3	IX. —	192 828
	Talsímakonur .....	2	XII.—XIII. —	99 789
	Loftskeytamaður .....	1	X. —	60 185
		<b>7</b>		<b>kr. 421 752</b>
	<b>Stuttbylgjustöðin:</b>			
	Deildarstjóri (½ laun) .....	1	VII. kr.	36 812
	Stöðvarstjóri .....	1	VIII. —	68 950
	Varðstjóri .....	1	VIII. —	68 950
	Símvirkjar .....	2+1	IX.—X. —	158 645
	Loftskeytamenn .....	2	X. —	120 370
	Símritarar .....	2	IX.—X. —	124 461
	Bókari .....	1	XI. —	55 511
	Fjarritari .....	1	XIII. —	47 514
		<b>12</b>		<b>kr. 681 213</b>
	<b>Radíóverkstæðið:</b>			
	Símafræðingur .....	1	VII. kr.	73 625
	Verkstjórar .....	2	VIII.—IX. —	133 226
	Símvirkjar .....	16	IX.—X. —	963 553
	Iðnaðarmenn .....	4	X.—XII. —	232 830
	Fulltrúar .....	2	IX. —	128 552
	Bókari .....	1	X. —	60 185
		<b>26</b>		<b>kr. 1 591 971</b>

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
<b>3.</b>	<b>Radíóeftirlit Landssímans:</b>			
	Eftirlitsmaður .....	1	VIII. kr.	68 950
	Fulltrúi .....	1	IX. —	64 276
		<b>2</b>		<b>kr. 133 226</b>
	<b>Birgðahúsið:</b>			
	Birgðastjóri .....	1	VII. kr.	73 625
	Fulltrúi .....	1	VIII. —	50 252
	Efnisverðir .....	2	IX.—X. —	124 461
	Bókari 1. stigs .....	1	X. —	60 185
	Bókari 2. stigs .....	1	XI. —	55 511
	Verkstjóri .....	1	X. —	60 185
	Bílstjóri .....	1	XI. —	55 511
	Línumaður .....	1	XI. —	55 511
		<b>9</b>		<b>kr. 535 241</b>
	<b>Viðhald símanna:</b>			
	Símafræðingur .....	1	VII. kr.	73 625
	Fulltrúar .....	2	VIII.—IX. —	133 226
	Línuverkstjórar .....	9	X. —	541 665
	Línumenn .....	11	XI. —	610 621
	Bifreiðastjóri .....	1	XI. —	55 511
	Iðnaðarmaður .....	1	X. —	60 185
	Símritari .....	1	IX. —	64 276
	Símverkjaverkstjóri .....	1	VIII. —	68 950
	Umsjónarmaður .....	1	X. —	60 185
		<b>28</b>		<b>kr. 1 668 244</b>
	<b>Viðbót og viðhald stöðva:</b>			
	Símverkjaverkstjóri .....	1	VIII. kr.	68 950
	Símvirki .....	1	X. —	60 185
	Iðnaðarmaður .....	1	X. —	60 185
		<b>3</b>		<b>kr. 189 320</b>
	<b>Radíóflugþjónustan:</b>			
	Deildarstjóri (½ laun) .....		VII. kr.	36 812
	Varðstjórar .....	5	VIII. —	344 750
	Loftskeytamenn .....	23	X. —	1 300 381
	Iðnaðarmaður .....	1	X. —	60 185
	Símritarar .....	17	IX.—X. —	1 092 692
	Símverkjar .....	1+1	IX. —	96 414
		<b>48</b>		<b>kr. 2 931 234</b>
	<b>Rjúpnahæðarstöðin:</b>			
	Stöðvarstjóri .....	1	VIII. kr.	68 950
	Loftskeytamaður .....	1	IX. —	64 276
	Símverkjar .....	9	IX. —	578 484
	Iðnaðarmenn .....	2	X. —	120 370
		<b>13</b>		<b>kr. 832 080</b>

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	<b>Aðrar deildir:</b>			
	Fulltrúar .....	2	VIII.	kr. 137 900
	Iðnaðarmenn .....	5	X.	-- 300 925
	Símvirkjar .....	5	IX.—X.	-- 298 005
	Húsvörður .....	1	XII.	-- 52 275
	Línnumenn .....	3	XI.	-- 166 533
		16		kr. 955 638
	<b>Loranstöðin í Vík:</b>			
	Stöðvarstjóri .....	1	VIII.	kr. 68 950
	Tímaverðir .....	4	XII.	-- 209 100
	Vélgæzlumaður .....	1	X.	-- 60 185
	Símvirkjar .....	4	IX.—X.	-- 253 013
		10		kr. 591 248
	<b>Símstöðin á Akureyri:</b>			
	Umdæmisstjóri .....	1	VII.	kr. 73 625
	Varðstjórar .....	3	VIII.—XI.	-- 179 972
	Fulltrúi .....	1	IX.	-- 64 276
	Símvirkjar .....	2	IX.—X.	-- 124 461
	Símritari .....	1	IX.	-- 64 276
	Talsímakonur .....	22	XII.—XIII.	-- 995 682
	Næturvörður .....	1	XI.	-- 55 511
		31		kr. 1 557 803
	<b>Símstöðin að Brú:</b>			
	Umdæmisstjóri (⅓ launa) .....	1	VII.	kr. 49 084
	Varðstjóri .....	1	VIII.	-- 68 950
	Iðnaðarmaður .....	1	X.	-- 60 185
	Talsímakonur .....	4	XIII.	-- 167 166
		7		kr. 345 385
	<b>Ísafjörður:</b>			
	Umdæmisstjóri (⅓ launa) .....	1	VII.	kr. 49 084
	Símritari .....	1	IX.	-- 64 276
	Varðstjóri .....	1	VIII.	-- 68 950
	Talsímakonur .....	11	XIII.	-- 461 034
	Næturvörður .....	1	XI.	-- 55 511
	Bókari .....	1	XI.	-- 52 005
	Línumaður .....	1	XI.	-- 55 511
		17		kr. 806 371

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	<b>Símstöðin á Seyðisfirði:</b>			
	Umdæmisstjóri (2/3 launa) .....	1	VII.	kr. 49 084
	Varðstjórar .....	2	VIII.—IX.	-- 133 226
	Bókari .....	1	XI.	-- 55 511
	Símritarar .....	3	IX.—X.	-- 184 646
	Talsímakonur .....	4	XIII.	-- 171 744
		11		kr. 594 211
	<b>Símstöðin á Siglufirði:</b>			
	Stöðvarstjóri (2/3 launa) .....	1	VII.	kr. 49 084
	Fulltrúi .....	1	IX.	-- 64 276
	Símritari .....	1	IX.	-- 64 276
	Varðstjóri .....	1	VIII.	-- 68 950
	Næturvörður .....	1	XI.	-- 55 511
	Talsímakonur .....	8	XIII.	-- 361 983
	Línumaður .....	1	XI.	-- 55 511
		14		kr. 719 591
	<b>Vestmannaeyjar:</b>			
	Stöðvarstjóri (2/3 launa) .....	1	VII.	kr. 49 084
	Símritari .....	1	IX.	-- 64 276
	Varðstjóri .....	1	VIII.	-- 68 950
	Talsímakonur .....	12	XIII.	-- 524 388
	Næturvörður .....	1	XI.	-- 55 511
		16		kr. 762 209
	<b>Áfengisverzlun ríkisins:</b>			
	<b>Skrifstofan:</b>			
	Forstjóri .....	1	V.	kr. 85 310
	Lyfsölustjóri (1/2 laun) .....	1	II.	-- 61 354
	Skrifstofustjóri .....	1	VI.	-- 78 300
	Aðalbókari .....	1	VII.	-- 73 624
	Gjaldkeri .....	1	VII.	-- 73 624
	Sölumenn .....	3	X.	-- 188 738
	Bókarar .....	11	VIII.—X.—XI.	-- 634 583
	Fulltrúi .....	1	VIII.	-- 68 950
	Innheimtumaður .....	1	XI.	-- 41 755
	Ritari .....	1	XII.	-- 48 669
	Sendisveinn .....	1	U.	-- 22 043
	Símastúlka .....	1	XIII.	-- 47 514
	<b>Áfengisdeild:</b>			
	Verkstjóri .....	1	VIII.	-- 68 950
	Bifreiðastjórar .....	4	X.—XI.	-- 232 914
	Átappari .....	1	XI.	-- 55 512
	Blöndunarmaður .....	1	XI.	-- 55 512

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	Aðstoðarmenn .....	13	XI.—XII.	kr. 686 041
	Aðstoðarkonur .....	12	XV.	-- 444 172
	Fulltrúi .....	1	IX.	-- 64 276
	Bókari .....	1	X.	-- 60 186

**Iðnaðardeild:**

Lyfjafræðingar .....	4	U.	--	383 773
Verkstjóri .....	1	VIII.	--	68 950
Bifreiðarstjórar .....	2	XI.	--	111 023
Iðnkonur .....	21	XIV.—XV.	--	835 221
Aðstoðarmenn .....	2	X.—XIV.	--	115 698
Aðstoðarverkstjórar .....	5	IX.—X.	--	309 109
Eftirlaun .....			--	45 930

**Vínbúðir í Reykjavík:**

Sölustjórar .....	2	VI.	--	156 600
Afgreiðslumenn .....	5	X.	--	300 930

---

100	kr. 5 419 321
-----	---------------

---

**Tóbakseinkasala ríkisins:**

**Skrifstofan:**

Forstjóri .....	1	V.	kr.	85 310
Skrifstofustjóri .....	1	VI.	--	78 300
Aðalgjaldkeri .....	1	VII.	--	73 624
Aðalbókari .....	1	VII.	--	73 624
Birgðavörður .....	1	VIII.	--	68 950
Bókarar .....	4	X.—XI.	--	222 313
Sölumenn .....	3	X.	--	180 558
Innheimtumaður .....	1	XI.	--	55 512
Bifreiðastjórar .....	5	XI.	--	277 559
Sendisveinar .....	2	U.	--	48 985

**Tóbaksgerð ríkisins:**

Verkstjóri .....	1	X.	--	60 186
Aðstoðarmenn .....	2	XI.	--	111 024
Iðnkonur .....	3	XV.	--	119 574

---

26	kr. 1 455 519
----	---------------

---

**Ríkisútvarpið:**

**Yfirstjórn:**

Útvarpsstjóri .....	1	IV.	kr.	92 323
Formaður útvarpsráðs .....	1	U.	--	25 200
Útvarpsráð .....	4	U.	--	67 200
Yfirverkfræðingur .....	1	U.	--	101 238

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	<b>Aðalskrifstofa:</b>			
	Skrifstofustjóri .....	1	VI. kr.	78 300
	Aðalgjaldkeri .....	1	VIII. --	68 950
	Fulltrúi .....	1	IX. --	64 275
	Símavarzla .....	1	XIII. --	47 514
	Sendisveinar .....	2	U. --	67 354
	<b>Innheimtuskrifstofa:</b>			
	Innheimtustjóri .....	1	VIII. --	68 950
	Bókari .....	1	XI. --	55 511
	Ritarar .....	5	XI.—XIII. --	229 729
	Innheimtumenn .....	2	XIII. --	95 028
	<b>Auglýsingaskrifstofa:</b>			
	Auglýsingastjóri .....	1	VIII. --	68 950
	Bókari .....	1	XI. --	55 511
	Innheimtumenn .....	2	XIII. --	95 028
	<b>Fréttastofa:</b>			
	Fréttastjóri .....	1	VI. --	78 300
	Fréttaritarar .....	7	IX. --	428 500
	<b>Skrifstofa dagskrár:</b>			
	Skrifstofustjóri útvarpsráðs .....	1	VII. --	73 624
	Dagskrárstjóri .....	1	X. --	46 207
	Fulltrúi .....	1	IX. --	64 275
	Leiklistarráðunautur .....	1	VIII. --	60 950
	Bókari .....	1	X. --	60 186
	Ritari .....	1	XIII. --	47 514
	Ráðunautur .....	1	U. --	16 800
	<b>Tónlistardeild:</b>			
	Tónlistarstjóri (½ laun) .....	1	VII. --	36 812
	Fulltrúar .....	2	IX. --	107 125
	Hljómsveitarstjóri .....	1	IX. --	64 275
	Hljómplötuverðir .....	2	XII. --	104 548
	Píanóleikari .....	1	IX. --	64 275
	Aðstoðarmaður .....	1	XIII. --	47 514
	<b>Pulir:</b>			
	Pulir .....	5	IX. --	260 955
	<b>Rannsóknarstofa:</b>			
	Fulltrúi .....	1	VII. --	73 624
	<b>Magnarasalur:</b>			
	Forstöðumaður .....	1	VIII. --	68 950
	Magnaraverðir .....	6	IX.—X. --	381 561

Fjárł.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	<b>Akureyrarstöðin:</b>			
	Stöðvarstjóri .....	1	VIII. kr.	68 950
	Stöðvarvörður .....	1	X. --	60 186
	<b>Hornafjarðarstöðin:</b>			
	Stöðvarstjóri .....	1	VIII. --	68 950
	Stöðvarvörður .....	1	X. --	60 186
	<b>Vatnsendastöðin:</b>			
	Stöðvarstjóri .....	1	VIII. --	68 950
	Stöðvarverðir .....	4	IX.—X. --	253 011
	Vélstjóri .....	1	X. --	60 186
	<b>Eiðastöðin:</b>			
	Stöðvarstjóri .....	1	VIII. --	68 950
	Stöðvarvörður .....	1	X. --	60 186
	<b>Aðrir starfsmenn:</b>			
	Dyravörður .....	1	XIII. —	45 225
	Úmsjónarmaður .....	1	XIII. —	47 514
	Aðstoðarmaður .....		U. —	15 250
		76		kr. 4 252 600
	<b>Viðtækjaverzlun ríkisins:</b>			
	Forstjóri .....	1	VI. kr.	78 300
	Skrifstofustjóri .....	1	VII. —	73 624
	Sölumaður .....	1	X. —	60 186
	Bókarar .....	2	X.—XI. —	115 698
	Útvarpsvirki .....	1	IX. —	64 276
	Bílstjóri .....	1	X. —	60 186
	Ritari .....	1	X. --	55 512
		8		kr. 507 782
	<b>Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:</b>			
	Forstjóri .....	1	V. kr.	85 310
	Skrifstofustjóri .....	1	VI. --	78 300
	Bókari .....	1	XI. --	55 512
	Ritari .....	1	XIII. —	46 370
	Bifreiðarstjóri .....	1	IX. --	63 063
	Afgreiðslumaður .....	1	IX. --	63 063
	Sendisveinn .....	1	U. —	17 290
		7		kr. 408 908
3.	<b>Landssmiðjan:</b>			
	Forstjóri .....	1	V. kr.	85 310
	Skrifstofustjóri .....	1	VI. --	78 300
	Gjaldkerar .....	2	VII. —	147 249



Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	Bókarar .....	4	IX.—XI.	kr. 248 572
	Ritarar .....	3	XI.—XIII.	— 143 837
	Innheimtumaður .....	1	XI.	— 55 512
	Símastúlka .....	1	U.	-- 41 487
	Sendisveinn .....	1	U.	-- 21 600
		14		kr. 821 867

**Innkaupastofnun ríkisins:**

Forstjóri .....	1	III.	kr. 99 920
Skrifstofustjóri .....	1	VI.	-- 78 300
Fulltrúar .....	2	VII.	-- 147 247
Ritari .....	1	XIV.	-- 42 936
Bókari .....	1	X.	-- 60 186
	6		kr. 428 589

**10. I. 2. Stjórnarráðið:**

**Atvinnumálaráðuneytið:**

Ráðuneytisstjóri .....	1	III.	kr. 99 920
Deildarstjóri .....	1	V.	-- 85 312
Fulltrúar .....	4	VI.—VII.	-- 303 848
Bókari .....	1	X.	-- 60 186
Ritari .....	1	XIII.	-- 47 514
Sendisveinn .....	1	U.	-- 21 900
	9		kr. 618 680

**Dóms- og kirkjumálaráðuneytið:**

Ráðuneytisstjóri .....	1	III.	kr. 99 920
Deildarstjóri .....	1	V.	-- 85 310
Fulltrúar .....	6	VI.—VII.	-- 431 087
Ritarar .....	2	XIII.	-- 83 494
Dyravörður .....	1	XII.	-- 52 274
Bókari .....	1	X.	-- 60 186
	12		kr. 812 271

**Félagsmálaráðuneytið:**

Ráðuneytisstjóri .....	1	III.	kr. 99 920
Deildarstjóri .....	1	V.	-- 85 310
Fulltrúar .....	5	VI.	-- 391 500
Bókari .....	1	X.	-- 60 186
